

**131.839 SLÖG MEÐ BILUM**

(c) Eiríkur Örn Norðdahl & höfundar 2007

Kápuhönnun: Lauri Wuolio  
Kápumynd: Halldór Arnar Úlfarsson

ISBN 978-952-215-011-0

Printed in USA  
[www.lulu.com](http://www.lulu.com)

2007  
ntamo, Helsinki, Finland  
<http://ntamo.blogspot.com>

Eiríkur Örn Norðdahl (ritstj. & þýð.)

# 131.839 SLÖG MEÐ BILUM

*ntamo*, Helsinki



## Pú ert pípa

### I

Skilningur manns á eigin tungumáli er takmarkaður, skilningur manns á öðrum tungumálum er jafnan enn takmarkaðri, og fullkominn flutningur texta frá einu tungumáli yfir á annað er ómögulegur einfaldlega fyrir þær sakir að um tvö ólík tungumál er að ræða. „Boat“ er ekki það sama og „bátur“ sem aftur er ekki það sama og „Boot“ eða „båt“ og hvað þá „bateau“. Það liggur í augum uppi.

Að þýða ljóð er að skrifa ljóð eftir forskrift, að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Manni er uppálagt að velja hvaða eiginleikar þess fá að halda sér, að svo miklu leyti sem þeir geta haldið sér – form, útlit, stuðlun og aðrir hljóðeiginleikar, rím, hugmyndir og hugmyndatengsl, orðaleikir, samhengi, saga, vísanir, semantík, tákn o.s.frv. – og síðan er manni uppálagt að ákveða hvað fær að koma inn í verkið sem ekki var þar fyrir. Óhjákvæmilega bætist margt við, því hver flutningur bætir lögum ofan á það sem áður stóð og fjarlægir önnur. Ef við tökum sem dæmi hina frægu sögu Borgesar um Pierre Menard, sem tekur að sér að endurrita Don Kíkóta orð fyrir orð á 20. öldinni, þá verður sú bók, eins og Borges bendir háðskur á, annað fyrirbæri en það sem Cervantes skrifaði á 17. öldinni: Menard beitir tungutaki sem honum er óeðlilegt á meðan Cervantes skrifaði einfaldlega í stíl samtíma síns. Verkin eru ólík fyrir þær sakir að það eru ólíkir menn sem skrifa þau á ólíkum tímum, þó bókstafirnir, orðin, setningarnar, málsgreinarnar... o.s.frv. séu þau sömu í sömu röð. Bandaríska ljóðskáldið Kenneth Goldsmith framkvæmir svipaða gjörninga, þ.e. að skrifa niður tungumál sem þegar er til staðar – hefur m.a. skrifað upp eitt tölublað af New York

Times (*Day*), hvert einasta orð sem hann sagði í viku (*Soliloquy*), veðurfréttirnar (*Weather*) o.s.frv. Þetta hefur verið kallað N+0 þýðing, og nefnist í höfuðið á Oulipo aðferðinni N+7, þar sem orðum í texta (t.d. öllum nafnorðum) er skipt út fyrir það sjöunda næsta í ákveðinni orðabók. Hið augljósa er þetta: Þýðingin sem afrit, endursköpun *hins sama* er ómögulegur gjörningur, þýðingin er alltaf *ný*.

Stór hluti þeirrar erlendu ljóðlistar sem kennir sig við tilraunaskrif (avant-garde, post-avant, experimental, radical, language, digital, flarf, post-langpo, post-prairie o.s.frv.) fæst við framsetningu, þýðingu og túlkun sem stefnir að einhvers konar ummyndun, eða jafnvel eyðileggingu, tungumálsins. Tungumálið er meðhöndlað sem hvert annað hráefni – merking þess rifin og teygð, og fýsískir eiginleikar þess (hljóð og mynd) rifnir og teygðir.

Texti er samansafn merkinga, fónema og morfema sem notuð eru til að tjá eitthvað um „veruleikann“ með „veruleikanum“. Sem dæmi má nefna hvernig metafóriskur „veruleiki“ er notaður til að tákna eitthvað sem lesandinn getur heimfært á sinn eigin „veruleika“. Tungumálið er sjálfstæður veruleiki í veruleikanum. Verkefni umræddrar ljóðlistar er þá oftast en ekki að gata umræðuna um annan hvorn þessara veruleika, eða báða – að sækja út úr því samkomulagi sem ríkir um textann sem veruleika og lífið sem veruleika: Í gegnum holurnar er kannski hægt að sjá eitthvað annað, og í öllu falli grær tungumálið saman öðruvísi í laginu en það var fyrir. Sá sem eitt sinn hefur lesið orðið „tálguð“ sem guð tálsins, frekar en eitthvað tálgað með hnífi, er gjarn á að sjá tálguði í tálguðum texta.

Mörg þeirra ljóða sem birtast í þessari bók eru þýdd úr ensku, sem er tungumál sem hefur það fram yfir íslensku (eða ber þann kross) að vera ekki eitt tungumál heldur mörg. Ljóðin á ensku eru skrifuð af fólki af mörgum

Þjóðernum sem hefur ensku að móðurmáli, auk þess sem nokkur eru skrifuð af fólki sem á sér önnur móðurmál (Caroline Bergvall er sem dæmi frönsk/norsk, Gherardo Bortolotti er ítalskur o.s.frv.). Eins og finnska ljóðskáldið Leevi Lehto hefur bent á er þetta tungumál – þ.e. *enska-sem-annað-tungumál* – hið raunverulega heimstungumál, enda er það talað af töluvert fleiri einstaklingum en *enska-sem-fyrsta-tungumál*.

Það er engin leið að þýða ástralska ensku yfir á ástralska íslensku eða ameríska ensku yfir á ameríska íslensku. Það er ekki einu sinni hægt að staðfæra með notkun mállýskna, því það litla sem er eftir af þeim í þessu landi tungumálshelfararinnar dugar einfaldlega ekki til (ekki að það væri nokkuð nákvæmari „þýðing“). Íslenska og enska eru hvort í sínum heiminum hvað þetta varðar.

Tilraunaljóðlist af þeirri tegund sem finna má í bók þessari hefur verið stunduð í enskum málheimi áratugum saman af tugþúsundum ólíkra einstaklinga sem hver um sig hefur lagt sitt að mörkum við að víkka út (þrengja, sprengja; ummynda, afmynda) hugmyndina um ensku sem tungumál – á meðan íslenskan á enn fjarska takmarkað af slíkum tilraunum í bókmenntasögu sinni, og hefur þurft, að mér sýnist, að berjast við ansi tækan næringarskort á síðustu árum enda varla neitt lengur sem sleppur úr pilsfaldi íslenskra prófarkalesara. Kannski kunna skáldin líka bara vel við sig þar.

## II

Líkt og ekkert er hægt að „flytja“ á milli tveggja tungumála er ekkert óþýðanlegt þegar maður hefur loks áttað sig á því að ekkert er hægt að þýða. Þýðing á bókmenntaverki er aldrei sama verkið, heldur nýtt verk sem er skylt því fyrri. Þýski heimspekingurinn Friedrich Schleiermacher (1768-1834) orðaði það svo að listamaður gæti skoðað þýðingu verks síns með því að ímynda sér hvernig barn hans liti út, hefði konan hans átt það með öðrum manni (kynjahlutverkin í þessari setningu eru Schleiermachers – þeim má snúa á haus án þess að fá sand í píkuna).

Fyrst að ekkert (og þó allt) er hægt að þýða á milli tveggja tungumála, hlýtur að vera alveg jafn (ó)mögulegt að þýða á milli fleiri en tveggja tungumála. Þ.e. að þýða þýðingu einhvers annars á ljóði þess þriðja. Þetta var alvanalegt á Íslandi í eina tíð, en þessi millilending þykir nú, að því mér er sagt, léleg samkvæmt hinum klassísku þýðingarfræðum. En þar sem lokaútkoman – þýðingin – er hvort eð er bara ættingi upprunaverksins, þá skiptir ekki endilega öllu hvort hún er tvímenningur eða þremmenningur. Það er engu að síður ekki nema sanngjarnt að maður geti skyldleikans – hver gat hvern með hverjum hvar og hvers vegna.

Flest ljóðin í bókinni eru þýdd úr upprunatungumálinu, en þó eru fáein sem eru fengin að láni frá öðrum þýðendum. Um hvernig þessu var háttað má lesa nánar í athugasemdaskrá aftast í bókinni.



### III

Jafnvel mestu teprur Finna segja reglulega „voi vittu!“ án þess að blikna, jafnt vetrarstríðsömmur sem koddaslagshommar og sleikipinnastúlkur. Þetta má þýða orðrétt á tvo vegu – annars vegar sem „æ, kunta!“ og hins vegar sem „smjörkunta!“. Líklega telja flestir Finnar sig segja „æ, kunta!“. Hins vegar er þyngd orðanna og merking ekki endilega „sú sama“ milli tungumála – sá sem æpir upp yfir sig „smörfitta!“ eða „oj, fitta!“ við matarborð í Svíþjóð, er ekki að fremja sama gjörning og sá sem segir „voi vittu!“ við sams konar matarborð hinumegin við Eystrasaltið, og má búast við því að sænskar húsmæður oti hnefa sínum sköruglega að hverjum sem leyfir sér slíkt.

Í hefðbundinni þýðingu er þetta jafnan þýtt sem „fjandakornið“ eða álíka. En þetta þýðir auðvitað ekki fjandakornið, þetta þýðir smjörkunta. Eða svona, þannig lagað.

Sænski blótsmálfræðingurinn Magnus Ljung skiptir blótsyrðum upp í mismunandi flokka, m.a. guðfræðileg (djöfuls), upphrópanir (æ!), saurtengd („skíttíðig“), kyn(lífs/færa)tengd (tussa), og marga fleiri, og eru flokkarnir langt í frá alltaf notaðir á sama hátt í ólíkum tungumálum. Kröftugustu blótsyrðin sækja í að brjóta tabú, ganga lengra en gengið hefur verið áður, þó flest þeirra sem notuð eru dagsdaglega séu vissulega langt innan markanna. En þegar við viljum ganga lengra, beitum við hinu óvenjulega, eða frumlega, og leitum nýrra leiða til að tjá óánægju okkar. Þannig vill það til að það sem er hversdagslegt á einu máli, eins og „voi vittu“ er á finnsku, verður gríðarlega vúlgart á öðru.

Það er hefð fyrir nokkurri normaliseringu í þýðingum bókmenntaverka. Máltækjum í tungumáli sem þýtt er úr er breytt í máltæki sem þegar fyrirfinnast

í tungumálinu sem þýtt er á, nöfnum staða og einstaklinga er jafnvel breytt, snúið er upp á orðaleiki svo þeir skiljist o.s.frv. Það sem er framandi er normalíserað.

Nú eru menn eðlilega ekki sammála um hvort sé mikilvægara þegar kemur að listneyslu, skilningur eða skynjun, en flestir (kannski of margir) virðast forðast það sem þeir ekki skilja, og jafnvel hafna því með öllu.

Tæki ég að mér að mála mynd af Kallio (hverfinu mínu í Helsinkí) fyrir Íslandsmarkað á sama hátt og margar þýðingar eru unnar myndi ég normalísera hana - ég myndi breyta Alepa í Bónus, sporvagni í strætó, pútnahúsi í sólbaðsstofu, lækka húsin um tvær-þrjár hæðir, og breyta blómunum í gras. Því að fyrir Íslendingi þýðir strætó það sama og sporvagn þýðir fyrir Finna (nema sporvagninn er á réttum tíma og mikið notaður - en þýðingar eru jú bara nálganir).

Þegar maður kemur á nýjan stað er eitt af því sem er hvað skemmtilegast að sjá, það sem skilur staðinn frá þeim stöðum sem maður er vanur. Hér í Kallio hverfi Helsinkí-borgar, þar sem ég bý, fyllist ég furðum þegar ég sé þrjú pútnahús hlið við hlið og kynlífstækjabúð öðrumegin við röðina en strippbúllu hinumegin. Ég horfi ofan í botnlausu eynd rónanna í hverfinu eins og brunn sem enginn veit hvar eða hvort endar, og ég læri eitthvað nýtt um manninn, hvert hann kemst (úr sjónmáli).

Í nýlegri ljóðabók ljóðskáldsins Linh Dinh (sem m.a. á ljóð í þessari bók) *Jam Alerts* er að finna ljóð í formi bókadóms um þýðingar manns að nafni Reggis Tongue – en Reggis fæst einmitt við ónormalíseraðar þýðingar. Í ljóðinu er vitnað í formála Reggisar að þýðingasafni sínu:

*Subbulegir þýðendur – ónytjungar, í raun og veru – telja að þeir þurfi að velja milli hljómfalls og merkingar. Til að henda reiður á inntakinu, velja margir þeirra að bæla niður lagið. Til að apa upp melódíuna, kasta þeir fyrir róða eða spilla merkjasendingunum. Þeir gera sér ekki grein fyrir því að setningarbyggingin er melódían. Þýðandi verður að hunsa eðlislægan trommusláttinn í höfði sér og vera trúr útlendu orðaröðinni, rytma þess sem hann þýðir. Látið það hljóma einkennilega – reynið aldrei að temja erlent ljóð að innlendum stöðlum!*

Viðast hvar í þessari bók var *ekki* reynt að normalísera texta, og því sem hljómaði undarlega, einfaldlega leyft að vera undarlegt – og rétt er að nefna að í sumum ljóðanna er að finna stafsetningar- og/eða málfræðivillur, sem eru auðvitað þýddar sem stafsetningar- og/eða málfræðivillur. Hins vegar er aldrei hægt að útiloka að einhverjar ambögur skrifist á klaufaskap þýðanda.

Í ljósi þess hvers konar verk er verið að þýða, þ.e. verk sem takast á við tungumálið og teygja á því, getur vel hugsast að á einhverjum stöðum séu ljóðin enn undarlegri, enn óskiljanlegri en væru þau lesin á upprunalega tungumálinu, þótt vonandi veiti þau einnig aðgang að einhverjum hluta þeirrar hugsunar sem upphaflega var í þau lögð.

Auk þeirra undarlegheita sem ónormalíseraðar þýðingar geta valdið, geta þær valdið misskilningi sem á köflum er hættulegur, sérílagi þegar lesandinn gerir sér ekki grein fyrir því að önnur viðmið eiga við í öðrum tungumálum. Þannig grunar mig að þegar fjölmiðlar segja íranska forsetann

Mahmoud Ahmadinejad hafa sagt að bandaríski kvikmyndajöfurinn Oliver Stone væri „hluti af djöflinum“, þá sé rétt að velta því fyrir sér hvaða merkingu sú þýðing, sem væntanlega er orðrétt, hafi. Er það meiningin að Ahmadinejad telji Stone bókstaflega andsetinn – að djöfullinn búi innra með honum – eða á hann einfaldlega við, eins og við getum sjálfsgagt flest verið sammála um, að Oliver Stone sé hluti af gangverki hins bandaríska kapítalisma? Að hann sé „helvítis bjáni“?

Því hefur einnig ítrekað verið haldið fram í fjölmiðlum heimsins að Ahmadinejad hafi sagst vilja „útrýma Ísrael af kortinu“. Þetta hefur verið tuggið fram og aftur, sem heilagur sannleikur. Breska dagblaðið *Guardian* birti hins vegar eftirfarandi leiðréttingu á síðum sínum þann 22. febrúar, 2007:

*Mahmoud Ahmadinejad, Íransforseti, kallaði ekki ekki eftir því að „Ísrael yrði útrýmt af kortinu“. Farsi-frasinn sem hann beitti er rétt þýddur sem „þessi stjórn sem hefur hernumið Jerúsalem verður að hverfa af blaðsíðu tímans.“ Hann var þar að vitna í yfirlýsingu frá fyrsta íslamíska leiðtoga Írans, Ayatollah Khomeini heitnum.*

Svo er auðvitað spurning hvað Ahmadinejad vildi meina með þessu.

Það skal tekið fram að undirritaður er enginn sérfræðingur í írönskum stjórnmálum og tekur ekki afstöðu til þess hvort Ahmadinejad er af „hinu illa“ eða „hinu góða“, en er almennt skeptískur í garð bæði fjölmiðla og stjórnmálamanna.

## IV

Ljóðin í þessa bók valdi ég af því að þau vöktu áhuga minn. Í raun er það ekki mikið flóknara. Mörgum skáldum hefði verið gaman að bæta í safnið, sem og mörgum öðrum áhugaverðum (skemmtilegum og merkilegum) ljóðum eftir þau skáld sem eru í bókinni, en vegna skorts á tíma og plássi reyndist það ekki hægt. Ef allt gengur eftir kemur þó annað bindi að 1-2 árum liðnum.

Að síðustu er rétt að þakka þeim sem lögðu hönd á plóg, en þar ber fyrst að nefna ljóðskáldin og rétthafa ljóðanna. Lista yfir skáldin má finna í efnisskrá, en auk þess er rétt að nefna Ellie Nichol, sem veitti leyfi fyrir textum þp Nichol.

Eftirtaldir aðilar lásu ýmist stök ljóð eða handritið í heild og veittu gagnlegar ábendingar: Arngrímur Vídalín, Ingólfur Gíslason, Haukur Már Helgason, Haukur Ingvarsson, Derek Beaulieu, Nadja Widell og Hildur Lilliendahl. Auk þess veittu mörg skáldanna liðsinni sitt við þýðingu og svöruðu fljótt og örugglega þeim ýmsu spurningum sem þýðanda lá á brjósti. Síðast en ekki síst ber að þakka finnska athafnaskáldinu Leevi Lehto, án hans hefði þessi bók aldrei orðið til.



حقيقة أعتقد أن الترجمة الجيدة لنص ما تتطلب فهم هذا النص، والفهم يتطلب أن تعيش في هذا العالم وأن تتعامل مع ماديته وهي ليست مسألة تلاعب في الألفاظ

– *Douglas Hofstadter*





Charles Bernstein

**Þakka þér fyrir að þakka mér**

Þetta er fullkomlega  
aðgengilegt ljóð.  
Það er ekkert  
í þessu ljóði  
sem á nokkurn  
hátt er erfitt  
að skilja.  
Öll orðin  
eru einföld &  
hitta í mark.  
Hér eru engin ný  
hugtök, engar  
kenningar, engar  
hugmyndir til að rugla  
í þér. Það eru engir  
intellektúal-stælar í  
þessu ljóði. Þetta er  
hreint tilfinningaljóð.  
Það tjáir að fullu  
leyti tilfinningar  
höfundarins: *mínar tilfinningar,*  
*manneskjunnar sem talar*  
*við þig núna.*  
Þetta snýst allt um  
samskipti.  
Frá einu hjarta til annars.  
Þetta ljóð metur  
& virðir þig mikils sem  
lesanda. Það  
fagnar sigri  
ímyndunarafli  
mannsins

innan um gryfjur &  
hörmungar. Í  
þessu ljóði  
eru 90 línur,  
269 orð, og  
fleiri atkvæði en  
ég hef tíma til þess að  
telja. Hver lína, hvert  
orð, & hvert atkvæði  
var valið til að  
tjá einvörðungu  
hina ætluðu meiningu  
& ekkert umfram hana.  
Þetta ljóð tjáir ekkert  
óskýrt eða torráðið.  
Hér er ekkert  
hulið. Hundrað  
lesendur myndu allir  
lesa ljóðið  
nákvæmlega eins &  
fá út úr því  
sömu skilaboðin. Þetta  
ljóð, eins og öll  
góð ljóð, segir  
sögu án krókaleiða  
svo lesandinn þarf aldrei  
að giska í eyðurnar. Þó á  
stundum tjái það  
biturð, reiði,  
gremju, útlendingahræðslu  
& vott af kynþáttahatri, er  
ráðandi andrúmsloft þess  
jákvætt. Það finnur  
gleði jafnvel í  
þessum fyrirlitlegu  
augnablikum  
lífsins sem

Það deilir með  
þér. Þetta ljóð  
er fulltrúi vonarinnar  
um ljóðlist  
sem snýr ekki  
baki sínu við  
áhorfendum, sem  
telur sig ekki  
betri en lesandann,  
sem hefur helgað sig  
ljóðlistinni sem  
vinsælli afþreyingu, eins og  
flugdrekaflugi og flugu-  
veiðum. Þetta ljóð  
tilheyrir engum  
skóla, hlýðir engum  
kreddum. Það fylgir  
engri tísku. Það  
segir bara það sem  
það segir. Það er  
ekta.

Jon Paul Fiorentino

**Sonnetta R2-D2**

Tvítt blipp blipp dútt blipp blipp dútt bívú  
Dípp vríí vopp vrítt; vríí vapp dípp bípp vú  
Tvúú bípp dí vrúpp dí vrútt vrúpp vrípp börrvapp  
Dúpp dípp bívú börrvapp vrítt dúúpp – bívú!  
Bívú vútt vopp íítt úúú börrvapp börrvapp.  
Bvopp bvúpp blipp bríítt bipp bopp bípp brío, brío  
brío blipp dott. Vrítt tvítt börr vapp dípp dúpp  
börr vapp bríítt vrútt vrútt bívú bípp brapp vú.  
Vrítt dípp! Vrítt dípp! Vrútt bapp bívú bríú!  
Úúú bríítt dípp. Úúú bríítt dípp. Bívú bipp bipp.  
Vrútt bapp! Vrútt bípp! Vrítt bívú bapp bríú!  
Úúú bipp vútt vrútt vútt dí tvítt vapp bipp bipp.

Vútt vörr íítt bipp tvítt blipp vú bípp bríú?  
Vopp vú vrítt úúú vrútt bívú brapp börrvapp!

## **Straff**

Raðir snjóplóga  
græddir yfir gölluðu stræti

Mennta lærða og hálsbrjóta  
gallaðir, úrtöllumenn

Kókaínbjálkar  
gegnum kenningarlinsu

Menthol menntaðir  
þríhjólaðir

Straffaðir á  
dýnu

Vitsmunir halda áfram  
án okkar

## Leiðindafólk helst í hendur

Brjótumst inn í allar geymslur sunnudagaskólanna, tókum kartonpappírinn, barnaskærin og límstautana og búum til lengstu pappírsdúkkukeðju sem sést hefur í borginni // Við skulum kalla hana „Leiðindafólk helst í hendur“ og við skulum vefja henni um fjármálhverfið. Það mun láta okkur líða betur og fær okkur úr húsi. // Kannski bíður pappírsdúkkukeðjan lægri hlut fyrir veðri eða almennri smekkvísi. Kannski kennir hún fólki einhverja lexíu. // Kannski munu atvinnupör haldast í hendur og valhoppa yfir polla og kannski munu léttúðugir auglýsingaskrumarar búa til sínar eigin keðjur og kannski munu öflugir verslunarmenn láta undan eigin hungri og kafna á eiturlausum rauðum vaxlitum.

Susana Gardner

úr Pár: ASTER ASTERIAS

RAUNSAEI TAPAÐI NAFNI HENNA R : MARIE ( Ó) HÚN  
HÚN SPÁSSERAR Í KLST

NÖFN MARI /H/ANN/ÚN SEGIR HÉR/NA &HENNA R &HÚN  
KLST SÁ(LI)R ER ASTER SKAÐAR VONSKUR

FRÁSEGIR ( Ó) ER SKAÐI VONSKUR LÁTA LOS ( Ó)  
SÆSKELJASNYRTING E Ð A,- SÓLIN Í LARAMIE

MINNI ATLAS HERRA,- EINNAR KLST ASTRAL ASTROL ASTROL  
E(Ð)A MÚSUR

HATTUR HENNA R KLST INN & SVO,- STÓRHERTO GA FRÚ SKJÁTLAST  
SNIÐGENGIÐ MANNFALL HÁRLOS S/TILLUR

EÐA,- EINNAR ÖMMU MÁNASIGÐ HENNA R ÚR SALTÍ Í SEAGRAMS  
R O F I

TRILLUR ÞEGAR TEGRAMM SENT NÚLLVEGIS SVEI,- LÁTUM  
OSS S Ó L A OSS

SJÁ NÚ LOKS NEMA STELLINA ÞAÐ SÉ SÓLIN  
EINSOG H Ö F I N

EINSOG ATTIS SITUR NÚLL EINSOG HÖFIN TÖTRANET &SVO SPÁSSERA  
EINSOG ALLT ÍSUND (SÓL

ÁR / ÁN SETT LOKS Í FERÐ ( Ó),- ASTER NETIN OKKUR LÆTUR OKKUR  
SEIN SAMÞ(R)YKKIR OKKUR

( Ó) EINSOG ALLT AÞENAR OKKUR MITT AÐL O K U M ENDIST  
L(N)ÆTUR VEI HREI Ð RAR OKKUR.

Oscar Rossi

#### 4 ljóð úr *Bréf til lögreglunnar*

Kæri herra lögreglumeistari

Ég sný mér til yðar þar sem undirsátar yðar hafa í mínum skilningi ítrekað farið illa með mig. Ég vísa til runu atburða sem að mínu mati voru í hæsta máta undarlegir og óskemmtilegir og mun ég reyna að segja frá þeim svo nákvæmlega og hlutlaust sem mér er frekast unnt svo að réttlætinu megi verða fullnægt.

[...]

Þetta byrjaði allt saman fyrir nokkru síðan þegar ég gekk inn á aðallögreglustöðina með það að augnamiði að gefa mig fram við lögregluyfirvöld, þ.e.a.s yður. Nánar tiltekið var þetta fimmtudaginn þann 9. Ég verð að viðurkenna að þetta gekk ekki alveg eins og ég hafði ætlað, þér að segja, þar eð ég mætti örlítið of seint.



## atvinnuviðtal

skemmtilegt að vera loksins tekinn alvarlega!

mér skilst þetta samtal sé tekið upp

en hvað er með þennan lampa

Égskil. Það er auðvitað margt sem ég á eftir að læra áður en við getum virkilega byrjað af alvöru. Engar áhyggjur! Ég get beðið míns tíma. sem er beint í andlit mér?

ég kem nú til með að laga þetta,

ég læt mig  
ekki undir þrýstingi

engin prófraun er of erfið. fyrir þetta hef ég

æft mig lengi

sá sem sýður sig harðar

brestur.

ég skal

standa mína pligt

kæri herra lögreglumeistari!

Þegar ég var barn stóð mamma einu sinni með mig hátt yfir höfði sér æpandi á útbreiddar **hendur** og hún vaknaði rétt áður en hún heyrði skallann á mér skella í steingólfið.

*Kirby Olson*

## **State of the union**

Mótmælendur lifðu eitt sinn  
lífi sínu í þjónustu,  
en allt frá sjöunda áratugnum  
hefur þjónustan verið ömurleg.

## Un cercle s'amuse

Guð er  
Parísar  
hjól,

fólk þeytist  
æpandi  
ópum:

Ég mun deyja!

## Leevi Lehto

### **Ananke: Pantun**

Ég er María. Ég bý í Vantaa. Þú átt að hafa heilbrigðar skoðanir og stæltan líkama.

Stykkið fer samtímis fram á tveimur plönnum.

Leita að jafnaldra sem stundar íþróttir, ekki undir 175 cm.

Hvaða staður sem er þar sem almenningur heldur sig þjónar tilganginum.

Stykkið fer samtímis fram á tveimur plönnum.

Ég fer með þig í græna herbergið mitt, og þó

hvaða staður sem er þar sem almenningur heldur sig þjónar tilganginum.

Ég er grannvaxin einstæð móðir tveggja loðinna barna. Ég afgreiði ekki mín mál í gegnum síma.

Ég fer með þig í græna herbergið mitt, og þó

þú hringir og lest inn auglýsinguna sem þú hefur undirbúið (ekki fleiri en sex línur). Símsvarinn upplýsir:

Ég er grannvaxin einstæð móðir tveggja loðinna barna. Ég afgreiði ekki mín mál í gegnum síma.

En ef þú virkilega vilt þá veistu hvar þú finnur þessa konu. Ég býð ekki kynlíf.

Þú hringir og lest inn auglýsinguna sem þú hefur undirbúið (ekki fleiri en sex línur). Símsvarinn upplýsir:

er það virkilega svo að í gervöllu P-Tavastlandi finnist enginn heiðarlegur, vingarlegur karlmaður sem eltist ekki við kvenfólk.

En ef þú virkilega vilt þá veistu hvar þú finnur þessa konu. Ég býð ekki kynlíf.

Dramatíska kúrfan hefst við fyrstu sýn, teygir sig yfir kynningartímabilið og nær til kveðjustundar.

Er það virkilega svo að í gervöllu P-Tavastlandi finnist enginn heiðarlegur,  
vingjarnlegur karlmaður sem eltist ekki við kvenfólk?

Ég er næturinnar myrka og æsandi, unga og síðhærða kona.

Dramatíska kúrfan hefst við fyrstu sýn, teygir sig yfir kynningartímabilið og nær  
til kveðjustundar.

Maðurinn lofaði aftur öllu milli himins og jarðar! Yfirgaf fljótlega ljóta og feita  
kellingu.

Ég er næturinnar myrka og æsandi, unga og síðhærða kona.

Ég býð upp á persónuleika, gáfur, innri og ytri fegurð, í skiptum fyrir hvað  
maðurinn lofaði aftur öllu milli himins og jarðar! Yfirgaf fljótlega ljóta og feita  
kellingu

til að hefja vinasamband með venjulegri einstæðri móður (03-svæðinu, 179-60,  
30-40 ára gömul, menntuð, dýravinur).

Ég býð upp á persónuleika, gáfur, innri og ytri fegurð, í skiptum fyrir hvað  
baróninn ljóstraði upp leyndarmáli sínu og hvítnaði! Þegar hann sá Kúnígúnd  
sólbrúna,

til að hefja vinasamband með venjulegri einstæðri móður – 03-svæðinu, 179-60,  
30-40 ára gömul, menntuð, dýravinur –

sem tekur þátt í sömu kakófónísku samtalstilrauninni um lífið og lífsgildin.

Baróninn ljóstraði upp leyndarmáli sínu og hvítnaði! Þegar hann sá Kúnígúnd  
sólbrúna:

eitt stykki aldeilis ótrúlega gáfuð kona, sem er á undan sinni samtíð,  
sem tekur þátt í sömu kakófónísku samtalstilrauninni um lífið og lífsgildin –  
með stór brjóst og skvampanði graða píku,

eitt stykki aldeilis ótrúlega gáfuð kona, sem er á undan sinni samtíð.

Það er erfitt að ímynda sér gott safn án einstakra ljóða á borð við þessi.

Með stór brjóst og skvampanði graða píku.

Betri máltíð hefur enginn notið.

Það er erfitt að ímynda sér gott safn án einstakra ljóða á borð við þessi sem inniheldur að hluta til órafmagnaða tónlist og að hluta til aldamótatónlist: Betri máltíð hefur enginn notið, burtséð frá veitingunum í hléi helgrar athafnarinnar. Ég var virkilega skelfingu lostinn

sem inniheldur að hluta til órafmagnaða tónlist og að hluta til aldamótatónlist sem er varpað á vegginn með aðstoð tölvu og skjávarpa, burtséð frá veitingunum í hléinu undir helgri athöfninni. Ég var virkilega skelfingu lostinn þegar ég sá þennan sterka Biscay-búa á brennunni sem verandi guðfaðir hafði gift sig guðmóðurinni

sem er varpað á vegginn með aðstoð tölvu og skjávarpa: XXL-stærð safarík stórbrjóstá rökud þýður mönnum af öllum stærðum og gerðum huggun í Yliviesk kvölds og nætur þegar ég sá þennan sterka Biscay-búa á brennunni sem verandi guðfaðir hafði gift sig guðmóðurinni ég verð æst þegar hann þrýstir tungunni á sér upp í ókunnugan mann,

XXL-stærð safarík stórbrjóstá rökud þýður mönnum af öllum stærðum og gerðum huggun í Yliviesk kvölds og nætur Sel PLAYSTATION2 + tvær fjarstýringar + minniskort + leikirnir Gta3 og Fifa + snúrur + bæklingar + kvittun. Ég verð æst þegar hann þrýstir tungunni á sér upp í ókunnugan mann, Mira vill vita hvernig þú ætlar að höndla hana. Ekki vera neinn lúser.

Sel PLAYSTATION2 + tvær fjarstýringar + minniskort + leikirnir Gta3 og Fifa + snúrur + bæklingar + kvittun. Ég er María. Ég bý í Vantaa. Þú átt að hafa heilbrigðar skoðanir og stæltan líkama. Mira vill vita hvernig þú ætlar að höndla hana. Ekki vera neinn lúser. Leita að jafnaldra sem stundar íþróttir, ekki undir 175 cm.



Ég er María. Ég bý í Vantaa. Þú átt að hafa heilbrigðar skoðanir og stæltan líkama.

Stykkið fer samtímis fram á tveimur plönnum.

Leita að jafnaldra sem stundar íþróttir, ekki undir 175 cm.

Hvaða staður sem er þar sem almenningur heldur sig þjónar tilganginum.

## Óþolandi sykursýkistussa

Óþolandi sykursýkistussan þín.

Lystarstols- offitu- sykursýkistussan þín.

Heimska, óþolandi, hæfileikalausá sykursýkistussa, éttu sykursýki.

Þú og þetta tussuskrímli sykursýkis-dóphausinn hann pabbi þinn,  
og sykursjúki kötturinn þinn, brjóstumkennanlegi, aldurnigni, sykursjúki

kötturinn þinn sem étur fugla –

tussufugla –

rassríðandi kroppaskrímli, þú færð mig til að vilja leggjast í sykursýkisdá  
eins og þarna óþolandi einkaritarinn í Ally McBeal, breski freðýsu sykursýkis  
tussuböllurinn þinn.

Sjáðu til – ég hef leikið mellu, sykursjúkan tukthúslim sem þarf á hormónum að  
halda,

fráskilinn skítrassgats hóruunga, rúnklistartussu, fávita, og – andskotinn eigi  
það,

öll þessi sykursýki er að gera mig tussulega.

Drullastu til að éta sykursýkina þína, tussa.

Ég hef aldrei séð neinn sem var svona hávær og skítheimskur og óþolandi og  
sykursjúkur.

Það síðasta sem ég þarf á að halda er að uppgötva að ég sé sykursjúk,  
ég sem á sex sykursjúka ættingja sem lemja hver annan til ólífis  
með sínum eigin skóm.

Er til spjallrás fyrir þetta? Því þetta er jú andskotanum meira óþolandi.

Taktu bara með í reikninginn að ég er harðbrjósta tussa, Millicent.

Ég er með fáránlega frábært sykursýkissvæði og ég skal gera sykursjúkling úr  
þér.

Ég er það sem þeir kalla „pre-emptive“ sykursýkistussa.

Topp módel tussa, þig langar ekki að vera sykursjúklingur í  
skrifblokk-sæðis-hamars/nagla aðstæðum.

Ég get verið ógeðslega sykursjúk, og þú getur bara verið örlítið sykursjúk.

Þú skalt kalla mig drottningartussuna, tussan þín,

þú ert óþolandi eins og djöfuls óþolandi

sykursýkistussa.

*Jan Hjort*

**já gott kvöld**

beat

Ég vil byrja á að segja ég vil byrja á að segja ég vil byrja á að segja að ég vil byrja á að segja að ég vil byrja á að segja að ég er ég vil byrja á að segja að ég er ég vil byrja á að segja að ég er að fara að segja að ég er að fara að segja að ég er að fara að segja að ég er að fara að segja það sem ég er að fara að segja það sem ég er að fara að segja að ég til og með að fara að segja að ég er til og með að segja að ég er til að fara að segja það sem ég meina að ég er til og með að fara að segja það sem ég meina að ég er til og með að fara að segja það sem ég meina já ég er til og með að fara að segja það sem ég meina að ég er til alls annars

## Jesse Ball

### **Göng inni í ofninum**

Hann fann göng inn í ofninum,  
sem lágu að tröppum.  
Þetta olli honum miklum áhyggjum,  
en sömuleiðis stolti og lífsgleði.  
Hann lagði engu að síður ekki í að fara  
sjálfur inn í ofninn, heldur sendi litla bróður  
sinn í staðinn fyrir sig. Þetta þótti honum  
góð hugmynd í fyrstu, en þegar bróðir hans  
hafði ekki snúið aftur þremur dögum seinna,  
fór hann að efast um visku  
fljótræðis síns. Hann ákvað að  
fara inn á eftir honum. En þá höfðu  
göngin skroppið saman, og engin manneskja  
af eðlilegri stærð gat lengur komist inn. Já, auðvitað,  
ég sendi hann inn, því ég er of stór  
til að komast sjálfur í gegn.  
Svo er hvort eð er, muldraði hann í barm sér,  
ábyggilega mjög indælt þarna inni.

## Markku Paasonen

### **Haganes**

Hafshaganes lokar augum sínum og riðar í þokunni, en ég sperri mín upp á gátt og stari á líkamann sem hefur stungið fótum sínum í stígvélin mín, því hann rekur klístraða tungu sína til himins og sleikir í heilu lagi þessa gljúpu borg sem rís úr rotnu haustlaufinu, makar vessum sínum á borð torgsölumanna, og þegar þokan leggur loppu sína á brúarhandriðið og þefar eftir nöfnum prammanna sem líða undir brúna, skrifar hann þokuna fulla, skrifar með fingri sínum og tungu, sprautar bleki úr nösunum, skrifar brúna og torgið, skrifar veggi hússins fulla af sprungum sem afhjúpa leðurhúð múrsteinanna, skrifar líka með endaparmsopinu, nuddar allt sem hreyfir sig inn og út úr þessum semantíska raka.

Jack Kerouac

Sjór

Cherson!

Cherson!

Þú blístrar ekki bara

Dixie, Sjór

Cherson! Cherson!

Við kalkmálum feðurna

hér að neðan!

Eldhúsljósinn kveikt –

Sjávarvélar frá Rússlandi

sjávarfuglar hér að neðan –

Þegar steinarnir sjóa út froðunni

þekki ég Hawaii

missi vitið og klöngrast

upp tvífættan hamarinn

að botnleðju

milljón ára –

Sjú – Sja – Sjirsj —

Deyðu nú saltljós

Þú billjónáraði

brjótur grjóta

Gavrúúm

Sjófugl

Gabbrófugl

Sorglegur eins og víf og hlíð

Elskaður eins og móðir og þoka

Ó! Ó! Ó!

Sjór! Osj!

Hvar er þinn litli Neppítónn

í kvöld?

Þessar blíðu trjákvodusíður  
sem hafa ekkert með  
árekstrargný þinn að gera,  
lygari sjór, aa,  
gerður fyrir grjót  
kútveltir sjófugli niðurgrefur

fótspor holar þara  
hreyfist ögrandandi  
rekst utani? A, aftur?

Er vínið salt hér?

Flóðbylgjan eldhús?

Vélar Rússlands

í mildum rómi þínum —

Les poissons de la mer  
parle Bretons—

Mon nom es Lebris  
de Keroack—

Parle, Poissons, Loti,  
parle—

Parlandi Hafið slípar  
lemur billjón steina—

Ker plotsj—

Strönd – skór—

Guð – hvatvís—

Höfðinn minnir á  
langnefja kollíhund sofandi  
með ljósin kveikt í  
nefinu, meðan hafið,  
hlýðir hagræðingum  
eftir höfði hans, slær  
takt sem getur  
og mun ónáða,  
í sandtakti yðar  
hugsun—  
—Stórar ansans axlir

á þessum tíkarsyni  
Parle, O, parle, mer, parle,  
Sjór talaðu við mig, talaðu  
við mig, lýsir upp silfur þitt  
Þar sem hola opnaðist í Alaska  
Grár – suss – vindur í  
Gílinu vindur í regninu  
Vindur í öldulaga útbrotunum  
Hreyfist og t vætlar  
Haf  
Haf  
Haf á kaf  
Ó fugl – la vengeance  
De la roche  
Cossez  
Ah

Hrár réðst hann á hliðið  
hrár yfir hjá Cherson, Cherson,  
við kalkmálum feðurna hér að neðan  
—blautur kross, þaraskreyttur  
vafinn – Þetta glott hughreystandi  
sefur lágt – Bára – Ó, nei,  
suss – sjúrk – Bomm plopp  
Neptúnus nú með opinn faðminn  
meðan ein milljón sálna  
sitja tendraðar í sortahellum  
— Hvaða gamla gelt! Hunda  
fjallið? Niðri hjá Sjávar  
vélunum? Guðsvíma – Strönd –  
Shaw – Sjú – Ó milda stuna  
við bíðum með hárið vafið líkt og  
lævirkjar – skíttmeðða – Hvílstu eigi  
—Samsærðuða, bisb, tesj, seðilar,  
re tav, pló, araheit,  
sjirsj, – Hver hvíslar þarna hinum  
megin – hjákátleg jarðnesk lækjarsytra!



Þokan þrumar – við bregðum  
silfurljósi á fés – Við  
tókum við hetjunum – Billjón  
ár eru ekki neitt —

Ó borgirnar hér að neðan!  
Mennirnir með þúsund  
hendur! stólpar  
störu þeirra uppímót!  
kórallar ljóða þeirra!  
Sjódrekarnir mýktir, kjöt  
fyrir holdugan fisk —  
Navörk, navörk, fiskar  
sjávarins tala bretónsku—  
skvamp jafn milt og fólksins  
draumar – Það er fólk inn  
og út strandlengjuna, þau nefna  
það strandlengju, sjór nefna það  
pissj ripp plossj – Þessir  
5 milljarðar ára síðan  
jörð sáum við talsvert af  
chan – Kínverskar eru  
öldurnar – skógana  
dreymir

Mennsk orð úttala ekki  
málamyndasorgina eldri  
en aldin þessi alda  
útbrjótandi særir  
sandinn með plasski  
úr snarsnúinni söndugri  
hugsun – Ah breyta  
heiminum? Ah ákvarða  
verðið? Eru reipaðir  
englarnir allir í sjónum?  
Aa reipugi otur  
hrúðurkarlaður vera—

Aa hellir, Aa krossj!  
Fjöðrum prýddi sjór

Of mikið stutt – Hvar  
frú Nop í kvöld?  
Skreif Kerarc'h  
í labidalú  
aristótelú garðinum  
með slími á milli  
—Og Rantí hórari  
sem togaði perlur með  
reipi í kórónu  
Kóngs með  
rugginu í  
skógi ætíðarhafa?  
Ekki ætíðarhöf, *veru*-höf  
—Skriðdýr  
Ka-plassk!

Konan með líkama sinn  
í sjónum – Froskurinn sem  
hreyfir sig aldrei og þrumur, slassk  
– Snákurinn með líkama sinn  
undir sandinum – hundurinn  
með ljósið á nefi sínu,  
með lappir uppí loft, með svo  
risavaxnar axlir að þær ná allt aftur á  
regnsprungurnar – Laufin drífa sig  
til sjávar – Við leyfum þeim  
drífa sig að blotna og gefum  
'eim gamla saltklinkið,  
núdistinn heldur sjálfsagt að  
þau renni beinustu leið úr Við-Hafi  
hvort eð er – Engin dómadagslæti  
á sunnudagseftirmiðdögum – Við  
hlaupum gegnum innsta kjarna hamrabeltanna,  
blommum upp hellana, aftengjum ekkert

hlaup eða hlaupkennda þenkjandi  
hugsuði —

Herir okkar þessir  
akkerisfestu þarar í  
víkunum lykta  
af hlaupkenndu salti—  
Teygðu þig, teygðu þig, sum laufin  
hafa enn ekki drifið sig nógu  
nærri – veltu þér veltu þér, niðurinn  
í söndugu hákarla gólfi  
grænugur pali andarva  
— Ah, aftur – Ah, fram —  
Ah siíssj – Búmm, burt,  
dómur, hvern dag – Æðar við  
treystum – Sjórinn er Við —  
Parle, parle, búmm er  
Jörðin – Ariíí – Shaw,  
Sjú, Sjússj, Flögr,  
ravad, tapavada páá,  
rak, lak, þak, —  
Nei, nei, nei, nei, nei, nei —  
Ó, ja, ja, ja, jó, jer—  
Suss—

Hver er sá? Sá eini? Hver er  
sá? Sá plasskaði eini—  
Sá eini plasskaði? sá sami,  
ah, búmm – Hver er þessi maur  
þessi risavaxni gullni saltklínks  
maur sem magnar upp fjall minna  
fóta? Það er Finnandinn, sem finnur  
breytingu í hugsun sem sameinast  
búmmkrókunum í hellunum  
er ljós – Og byggði hús þar  
að ofan? Óttastu aldrei,  
naver foir, les bretons qui

parlent la langue de la Mar  
sont español comme le cul  
du Kurd qui dit le maha  
prajna paramita du Sud?  
Ah oui! Ke Vlum!  
Ólundarlegi sjór, þaggaðu niður í mér—

Þeir koma ekki til með að reyna  
það þeir þarna maurar sem slíta  
út jarðgöngum á viku  
jarðgöngin hafa unnið milljón  
ár – nei – Niðri við  
höfðann slurpar eftir þara,  
kjúklingur hafsins  
gakk þjakk! þeir sofa—  
Ahróp, ahróp, ahra, ahrú —  
Otraðu mig otraðu mig dótttraðu mig sjór  
—mér síðasta bláa lónið innaní  
mér, sjórinn – Guðdómleg er  
undirstaðan allstaðar yfir Sjónum —  
Við ræðum rými og drífum  
okkur – Leyf engum munni  
að gleypa hafið – Gavril —  
Gavró – Cherson Kínverski  
og Gamli Fingurnagla sjór – Ertu  
með suð í eyrunum? Deyjari, dí?  
Er Hreinn þú reynir að  
faðma mig

Þreytandi gamli sjór, ertu ekki orðinn dauð-  
þreyttur á öllum þessum merde?  
Þessu eilífa búmm búmm  
og sandgöngum – þið fólk  
grámósku grjótabelti héðan til Fuegie  
og leiðist ykkur aldrei? Eða örvæntið  
eins og þýskir loddarar?  
Bara niðurdrepanði niðurbarningur og græna

á þokulegnum nóttum – þokan er hluti  
af okkur —

Ég veit, en eins þreyttur  
og ég get orðið af að hlusta á þessa  
kjánalegu konungdýrð —

Basho

Lao!

Popp!

Hver er þessi fiskur  
sem hvílist ósokkinn? Særðu fram  
Hawaiískan hvirfilbyl mölbrjóttu hann  
við þetta grjót – Við gerum hlaup úr þér,  
hlaupkenndi maður, sýnum þér upprunalegt  
hlaup sjávarins – Konungur  
Sjávarins.

Var aldrei Einvaldur nokkur írskur að kyni?

Sástu írska hafið?

Græna vinda á lerkivínviði—

Joyce – James – Sissj —

Sjó – Sssssss – Sjá

—Varash

— mnavash la vache

écriture – í raun segir

sjórinn fátt —

Jeminn, hún,  
flöstruð, togar, leiddi menn á villi  
götur, Ódysseif og alla þá  
fagurhöfða moína —  
Terrplassk, og munurinn, maður  
minn! Lítil hvít  
ljósglæta!

Hárið vafið höndum

Penelope skipa-

þefari – Hirðmenn í

Gervi Telemakkusar

drópedari drópedarískt  
kvikindi – eða —  
Frankagull gárar  
neðansjávarlækinn  
þar sem fiskur fiskur fyrir  
fiskimenn – Saltkex  
hressa blauta suðurlendinga  
gamalla portúgalskra bæna  
‘terallt samanflækt, breytt,  
salt og dropi sandur  
og þari og vatn heilar  
samanflækt – Rottur  
gamalla öskurapa frá Feneyjum  
Ariel Calibanned  
til Rómshafnar —  
Páá – stafaðu —  
Tala þú parlari  
í þessari parlor móður  
minnar, þurrkaðu af  
skónum áður en þú  
kemur inn, þakkaðu svo  
þokulegnu tunglinu

Vertu hvatvís, Topahta  
fitunnar – við grágerum  
yður rós – Morgunsins  
skriðdýr úr forneskju sér  
fugl fleygsýnis  
deyja tístandi gulan  
efri góminn! Hve sæt  
er jörðin, æpir sandur!  
Nema þegar kútveltur  
búmm!  
Ó við bíðum líka  
eftir hinnum – allt í  
Einu—  
Allt er þar

í sanngirni og sjón

Nú skal ég skola  
gamla Pavia-héraði niður  
og pakka saman saltinu mínu  
til Annaðhvortbyggðar—  
Antík Klettabelti  
eiga enga rós  
sem morgunninn hefur séð

stelling blýarans –  
Búmm dí búmm dei  
sjórinn er ég —  
Við erum sjórinn —  
Hann er ekki allur snjór —

Við skolum burt Fúsíjama

brátt, og slípum

bak fuglaþrjóta —

Við hægjum bassj

grjót – akk–

Langt stutt —

Lágt og létt —

Vindur og ótal frosnir

bossar og lukkugrjót—

Rappaport —

Endymion þú flækti

sveimhugi elskaðu læri mitt

— Rós, af Shelley,

Rós, Ó duftker!

Gónd duftker í fiskauga

Cincosjór Chicosjórinn

Magellanhöfðasjór

— Hvaða auglýsingaykjur

hliðarraunveruleik gerði hann

beygði sjávarlegt geitarskegg bítnikkans

yfir gömul geitarhandrit

til að finna hinna hliðina á Flötu?

Sérðu í kring, sérðu endann á mér?  
Kringlótta risastóra svefnhebbeggi?  
Opp holu hellir og shwrul —  
sand og salt og hár augu  
— nógu kraftmikið til að  
láta kaffi vaxa í hári þér —  
Hvers plantekru náði Neptúnus?  
Hans Atlasar enn þar niðri,  
Hesperids með fæturna, Surs með slydduna,  
Fingurgómur Írska Hafsins  
og Cornwall já hans sálar  
svefnhebbeggi

Rennur – Rennur – plopp  
er dossj – Þetta andvarp gamalla lærdóma  
hátt við hlið mér – Grófar  
gamlar hendur hafa spilað út  
aðalsættarni, við höfum sökkt fleiri skipum  
en dreymarinn fær nokkurntímann séð  
– Brennur – Brennur – Heimurinn  
brennur og þarf vaaatn  
– Ég skal eignast dótturættir  
ætt’að, sjáðu til —  
Rennur, Rennur, Ég —  
Nariúr – Nariúr —  
þessi fornu dálæti eru  
svo stelpandi – þú hefur aldrei séð  
hafmeyjur í raunhafi mínu  
— Þú hefur aldrei séð kynlaus börn  
með Konungleg brjóst —  
Konan mín – Konan mín —  
Nafn hennar er Ó svo rosalega  
ljúfa lífið

Konungdæmi ljóta lífsins þar sem  
við skiljum í sundur te, er sjávar  
síðu Ég —



Josh – kúff – patra  
Ææ í mó pássj —  
Ssst – Komdu og lestu mig —  
Dónalega póstkort – pörupiltasjór —  
Karassj þitt nafn –?  
Viltu synda, sökkva eða synda?  
Suðar aftur í eyrunum?  
Sjór víbrar takt  
brotið setur af stað hellis  
húkari blístrar blástra  
hundseyrun aftur á bak – til sjávar —  
Ariíí —  
Öfunundar Napóleon nada —  
Nada

Plútó étur sjóinn —  
Hendur krosslagðar af sjónum —  
*'On est tous caches, mange  
le silence, ' disent les poissons de la  
mer – Aa Mar – Gott*  
Thalatta – Merde – Marde  
de mer – Mu mer – Gerru ðvott —  
Hafið er móðirin —  
*Je ne suis pas mauvaise quand j'suis  
tranquille – dans les tempêtes  
je'cries! Comme une folle!  
j'mange, j'arrache toutes!*  
Klukk – Klakk – Mjólkk  
Mæ! mæ! mæ! mæ!  
segir vindur og blæs sandi —  
Plútó étur sjóinn —  
Ami fara – da – che popp  
Fara – Koma – Kark —  
Gát – Kíí ter da vo  
Kataketa páá! kekk kekk kekk!  
Kwakijut! Kikk!  
Sumar þessar frekar sjóaraætur

fangaðar hyra tecere thaped  
þessi anandondak ram ma lat  
kringlóttur við Krul til Patta Latta  
rottan anaakalkgervð  
romon tottek  
Kara VÚÚÚM  
frupp —  
Kaldir fætur? vaða – Hugur sár?  
Sim – synd – Graður? – leggstu með sjónum!  
Væminn? Reyndu mig —  
Ussens húktu ekki lengur hér  
hér förum við, ka va ra ta  
plássj, suss,  
og fleira, aftur, ke vlúúkk,  
ke blómi og hér kemur  
stóri Herra Trosh  
—fleiri öldur á leiðinni,  
hvert atkvæði vindasamt

Þvottablaður á ný  
paralarle – parallelandi  
parle pe Frelsarinn  
Víðsjárverður andi  
húkir hér meikar það ekki  
í tóminu – Sjórinn  
drekkir mér bara – Þessi orð  
eru tilgerð  
sjúks dauðleika —  
Við reynum að troða okkur slóð  
fullir sjálfstrausti, aðstoð  
berst aldrei nokkurntímann of snemma  
hvaðanæva að og sama hvað  
ljúft himnaríkið hefur gefið  
í skyn það myndi lofa okkur —

En þessar öldur skelfa mig —  
ég mun deyja

örvæntingafullur —

Vakna hvar?

Á öðrum andardrætti lífsins

er andrúmsloftið kærara

kannski nær Himnaríki

— Ó Paradís —

Er sjórinn virkilega svo slæmur

Sendirðu menn

hingað vegna þessara köldu trúða

og skrímslalegu veraldarætu?

hvers hljóð

ég hæði?

Guð ég neyðist til að trúá þig

eða lifa í dauða!

Muntu frelsa okkur – öll?

Bráðum eða strax?

Sendu uppljómun

niður í drukknandi heila okkar

— Við erum aumkunarverð, Drottinn,

við þurfum á hjálp þinni að halda!

Frelsaðu okkur, Kæri —

(Frelsaðu sjálfan þig, Guð maður,

ha ha!)

Ef þú værir Guð maður

myndirðu hafa stjórn á þessum öldum

til að jajaþá stöðva Tennyson

og meira að segja Tennyson

er kær

nú dauður

Láttu ljósinu það eftir

skiptu þér af kvöldverðargerð,

og auga

einhvers auga – eiginkonu,

stelpu, vinar, dýrs

— blóð lét drjúpa —

hann fyrir haf sitt,  
hann fyrir eld sinn,  
þér fyrir þrá yðar

„Hafið rak mig á brott  
og æpti „Eltu þrá þína!“  
— Og sem ég hljóp inn dalinn  
bætti það við einu lokaópi: —  
„Og hlæðu!“ ”

Meira að segja sjórinn getur ekki stöðvað mig í að  
skrifa eitthvað til að lesa í ellinni  
— Þetta er kort skammlífra sköpulaga,  
sjórinn er skammlífastur — Sjissj bara sjálft þarna —  
Hafandi skelft mig svona, Mar,  
Ég ætla að úthúða hreysum þínum – þínum  
joðgrösum og slímgjörðum,  
meira að segja þurrkaður holur þari þinn  
lyktar illa – þú lyktar illa uppúr og niðrúr —  
Búmm — Hafðu þetta, kvikindi —  
Litli fiskibáturinn frá Monterey  
rennur niðreftir heim 15 mílur eftir,  
verður heima hjá steiktum fiski og bjór fyrir fimm —  
Hann leiðir sjóinn sínar fuglaslóðir —  
— Silfurmissir að eilífu útávið  
— Frá bláum himni mannsbrúa  
til þykkra velguskýja sjómiðstöðvar  
hrúgu – í grámann —  
Sumir drengir kalla það fallbyssubláan  
eða gráan, en ég kalla það  
Borgarastríð Grjótanna  
—Grjót breytastí loft, grjót breytastí vatn,  
og grjótagrjót —  
Kara tavira, mnash rokna partí  
— púúsj l’abas – krúúúsj  
L’a haut — Plassj au pied—  
Píííí – Rolle testar boules—

Manche d'la rache —

Fagri konungurinn ber sigur úr bítum  
yfir búúmm söngfuglshöfði —  
'Crache tes idées,' hræktu hugmyndum þínum,  
segir hafið, við mig, mjögsvo  
við eig and i  
Pss! pss! pss!  
Ps! stelpa þarninni!  
Rauðskóasori, augu gamalla  
seiðkarla, táneglur lafandi niður  
í tunnu gamals kvartilostar  
sem hollendingur gleymd' að éta þetta  
ofviðri  
nítjánhundrað O  
sextán —

Þegar hann var tundurskeytaður af fallbyssubátnum  
Pedro í dali  
hinna milljón greiðslna?

Þegar Magellan rangeygður  
át amazóníska fætur —  
Og, Ah, þegar Kólombó sigld' yfir!  
Þegar Drake sir frankeraði öldurnar  
með fóðrun bláskaða  
myrkurs – stútaði sínum öláttar  
geymi framundir bómunni,  
hýsti saman allar hugsanir um Eirík  
Rauða uppátækjasaman þakkara Grænlands  
og smið grjótmykju í New  
Port – Ný – og þó –  
Oldport Indíána Fiskhaus —  
Oldport Tattú Kwakijutl Höfuðstólpi  
tabú pottaska Cojotl pottklinka?  
Gamla Frumstæða Columbia. —  
Nefnd eftir Kólum búss?  
Nafn fyrir Aruggio Vesmarica —  
Ar! – Or! – Da!

Hvað með Varrazano?  
Hann sigldi utan! —  
Hann Verrazano zigldi utan og við  
statenuðum Eyju hans inná djúpinu

inná slengjunni —  
Rotnaði Veggómið?  
Syndarar lygarar góðmenni allir  
sökkuva vatnssynda drekka nektar  
Neptúnusar Zal sotat —  
Zal sotate nafn fyrir crota?  
Crota ta crotte, þú kemur ekki til með  
að finna (Jesús Kristna!)  
neina þurra kúka hér að neðan —  
Akkurekki?  
Brotnaðu á þessuarna grjóti  
hráslegna grjóti með þínum nautalundartönnum  
og sjáðu – Fyrir þig, hlýjuna,  
hjartað, hárlökkinn —  
Fyrir mig, fyrir okkur, hafið,  
morð tímans með því að éta  
lostafullar sprungur vara nærstu alda  
á eilífðum söndugs listfengis  
þar til ekkert er eftir nema elli  
nýmorgunn upphafs sársauki  
fyrirsætna við  
ófæddan  
fugl  
enn ósnertra rósa —

Með illgresum rósir þínar,  
sandkröbbum niðsöngvarar þínir?  
Með suðurum í sjónum!  
Með hlaupurum í djúpinu!  
Þetta Veldissprottna Ossj, þessi viðfeðmi fótur  
spannar grjót U.S. til grjóts  
Ja Pan, þessi ástöðugi

rúllari sem ráfar allt,  
þessi klessari við þína blóðstokknu  
þurraðshurð, þessi munnur  
silfurhvítur þráir að halda yður,  
þessi upprætir samviskna  
dómadagsþrá fyrir yður —  
Engin mús hér inni en'n á sér  
dálitla gleði – og  
aftur á, eða oft, gjóður  
í gleði sinnar glaðnaði —  
Ó krúttlega krúttlega haf  
ég —  
Blautmetta! slakaðu Veldissprotanum niður!  
Aftur hefurðu þegið mig!

Andaðu joði okkar, saurugur drykkur þinn,  
örmagnastu við fætur okkar, slepptu  
svip þínum færðu hann í sjóinn,  
fljóttu þaraði blauti Adonais  
þráir þig – og Shelley þrír,  
það gerir þrír – brenndu í salti  
með hægð flest breytist —  
Okkur hefur ekkert gengið með eilífðina  
eftir milljarð ára tilraunir —  
eitt sandkorn inniheldur  
3 þúsund gleðiheima —  
að ekki sé minnst á mig sjálfan —  
Ah sjór  
Ah si – Ah svo  
skjóttu – skjálfdðu – mixaðu —  
ha veltu – tara – ta ta —  
kurlurk – Kæjass – Kíí —

Perlur perlur í gulu Vestrinu  
— Gulur himinn til Kína —  
Kyrrahaf nefndum við hér  
vatn líkt og alltaf mætir

vatni – Kyrra Kyrrahaf  
Kyrra Kranahaf – gerúmm —  
gedássj – gakka – gaja—  
Tatha – gata – mana —  
Hvaða segl brúkaði gamli bikkhusinn?  
Dikkhus? Dikkhus!  
Hvaða fleka póstsendi Móse  
til að flugsetja dúfustólpann?  
Hvað bjargaði Svartiðu  
frá Kidd plankanum?  
Hvaða Förupadda hér?  
Sjáða! Sjáááááááááááááá  
ááááá – kara —  
Barningsmenn út jar —

Big Sur kallast þessi sandur  
þessi grjót þessi lækur?  
Raton-Gil með nafni hellir  
Sléttuúlfalaufi og gömlum beinum Pomo-indíána  
og gömlu ryki af Tomahawk-öxum  
oní stangveitt gin þitt –  
Saltgin mitt mun bjarga  
Taylorum – saumandi í herberginu  
að neðan —  
Saumandi þaradruslur á fjallgöngukappa  
í mjólkurlitri botnleðjunni —  
Krosssauma án  
nökkurs vafa – Sartan  
erum við í VerðlaunaSigri  
í þessu saltstríði með yður  
og yðar þér hlaupkennda jinki!  
Sjá Ó sjór hér nefndur  
Kyrrahaf!  
Taki!  
Mín gullna tóma sál mun  
lifa lengur en saltar syllur þínar  
— Gluggar hlaupauga míns



og fiskhöfuðskítur lítur út á yður,  
ristur, með vindlakjaft,  
dálitla fyrirlitningu —  
— þú drífur yður að borða  
mig – Bjartan yfirlitum  
og lúinn, þeldégnú—  
Arra! Arúú!

Ger der va —  
Pöglar kjánaborgir í sjónum  
eiga börn sem leika með pappa  
mauk við einjarda gamlan Englending  
býflugnaplötur sleiptar útumallt með sora  
mannkynssagnanna að neðan —

Ekkert ofviðri jafn stillt og hræðilegt  
og ofviðri innrameð —  
Seiðkarlakúl! Búddalönd  
og Búddahöf!  
Hvaða segl Maudgalyayana notaði  
veit hann einn að segja  
en var drebbinn af öskuröpum  
æpandi niður klettahamrana  
„Förum heim!  
Strax!”

— yfirgefðu smjörlíkismaskaða djama  
Maudgalayayana var myrtur af sjónum —  
En sjórinn ekki segja frá —  
Sjórinn ekki myrða —  
Sjóróasamir fræðimenn  
ætt' að vita það  
eða  
setjast aftur á Skólabekk  
Heyra þar mótör hafsins?  
Finna slassrsjið frá honum?  
Sex kjánamargfætlur hér, Machree —

Ah Ratatatatatat —  
vélbyssuhafið, taktlegnir  
dansleikir úr þér leka saman  
við mjúkar eplarósir  
í þinni aðalsættuðu mjólkurhvolps  
tenórraust —  
Túndurfer í lagi ílúúí —  
arrac'h – arrache —  
Kamac'h – kóngur —  
Kerarc'h Jevac'h —  
Tamana gaváá —  
Va – Vúúvla – Via —  
Mia – minn  
sjór  
púú

Farvel, Sur —

Sagðir 'onum nokkurntímann  
frá vatninu sem mætir vatni –?  
Ó snúð' aftur til oturs—  
Kjör – Kjör – Klerm  
Kerm – Körn – Kú – Ká —  
Klink – Cac'h – Klokk—  
Klukk – Farkjöt sjór þarfnast  
dessa dýpis ég 'f séð þig  
Nóc'h  
nóu brátt  
í Gömlu Brittany

21. ágúst 1960  
Kyrrahafið við Big Sur  
Kalifornía

## Amerískar hækur

Gul blóm árla morguns  
hugsa um  
bytturnar í Mexíkó.

Engin símskeyti í dag  
það féllu bara  
fleiri lauf.

Nótt skellur á,  
strákur lemur túnífflana  
með priki.

Lyfti upp  
malandi kettinum að tunglinu  
og andvarpaði.

Mökkölvaður,  
skrifa bréfin  
við þrumuveður.

Yfirgefinn hafnaboltavöllur  
glóbrystingur  
skoppar eftir ströndinni.

Allan liðlangan daginn  
gekk með hatt  
sem var ekki á höfði mér.

Gengur yfir fótboltavöllinn  
á leið heim frá vinnu –  
einmana kaupsýslumaður.

Eftir skúrina  
á milli rennvotra rósa  
fugl brýst um í baðinu.

Smelltu fingrum  
stöðvaðu heiminn –  
regnið fellur harðar.

Nótt skellur á,  
of dimmt til að lesa af síðunni,  
of kalt.

Á eftir hvor öðrum  
kötturinn minn staðnæmist  
við þrumurnar.

Þvottur hengdur á snúrur  
í tunglskini.  
Föstudagskvöld í maí.

Skósólarnir mínir  
eru hreinir  
af gönguferð í regninu.

Glóormur  
sem sefur í þessu blómi –  
þú gleymdir að slökkva ljósin.

## Derek Beaulieu

### Extispicium

Móðir mín var ekki ófrísk þegar hún var gengin fjóra mánuði á leið, þrjá mánuði gengin á leið þegar hún var gengin sjö mánuði á leið, og alls ekki ófrísk þegar hún var sjö mánuði gengin á leið. En hvað vissi hún svo sem? Út og út, svo út og inn.

Ég fæddist á Gyðinglega spítalanum í Montréal og síðar á Ríkisspítalanum í Montréal. Ég er hvorki Gyðingur né ríkur. Svona man ég þetta. Í stórum dráttum. Ég fæddist að hluta á Gyðinglega spítalanum í Montréal, afgangurinn kom síðar.

Ég fæddist á Gyðinglega spítalanum í Montréal og síðar á Barnaspítalanum í Montréal, sem var við hæfi enda var ég barn. Svona muna þau það. Þegar ég var loks kominn út, var ég tekinn lengra út. Niður götuna.

Ég var barn, en er þó ekki barn sem stendur. Það fer eftir ýmsu. Maður getur verið barn og vaxið og ennþá verið barn. Vaxið meira og haldið áfram að vera barn. Meira að segja þegar maður er ekki lengur barn er maður enn einhvers barn rétt eins og sá einhver er annars barn. Að vera barn og að vera barn er ekki það sama. Ég var barn þegar ég var tekinn niður götuna. Ég var tekinn niður götuna af einhverjum. Ég var með þeim, og þau voru með barni en þó ekki barnshafandi.

Niður götuna og þau þurftu að bíða eftir að dr. Youssef ákveddi hvað ætti að láta vera og hvað ætti að fjarlægja, þegar hann hafði ákveðið að fjarlægja mig. Hann örvaðist til verksins af tilfinningu í kviðnum. Það sama gildi um mig.

Éttu í gegnum ennið á þér. Óhaminn þurftu þau að safna mér saman eins og tjaldbúðum, eins og tjaldi. Ég átti að fæðast á afmælisdaginn minn, en í staðinn fæddist bróðir minn. Muldrandi á leiðinni, fæddist hann á afmælisdaginn minn, ég var þremur eða fjórum árum fyrr og tveimur mánuðum fyrir tímann.

Það tók tuttugu og fimm klukkustundir að safna mér saman eins og tjaldi; hvað passar aftur í pokann, hvað er best að skilja eftir. Eins langt og handleggurinn að úrinu, reglustika, úrið hans. Sautján klukkustundir af grafpappír og bláum penna, niður og niður og upp. Það hlýtur að vera satt fyrst það er niðurskrifað, öryggi á stakri örök af grafpappír. Þannig mundi hann það.

Fjórar klukkustundir til fyrir litla öskju og kjúkling. Skurðstofa á spítalanum, borðstofa heima. Fylltur og fylling. Hvað verður skorið í sundur og hvað verður sett saman aftur. Innmatur. Safnað saman eins og tjaldbúðum, troðinn eins og kalkúnn. Gleðileg jól beint í æð. Aðgerðin er framkvæmd í einingunni. Éttu í gegnum ökkjana á þér. Sim 24, allt í góðu. Þú ættir að ganga frá málum varðandi síðustu sakramentin. Ég get ekki gert það nei ég get ekki gert það. Viltu frekar að ég geri það? Það er líklega best pabbi ég get ekki gert það.

Hálft ár í öskju, númer í vinnustofu. Eftir allt sem hefur gengið á hvers vegna ekki að leyfa honum að velja sjálfum hvort hann vill líta venjulega út? Endahnútur, drykkjusaga.

Mundi tilkynninguna með annars nafni, viðbúinn. En þarna er það, það var mitt þrátt fyrir allt.

## Katie Degentesh

### ... Endurbýggjum Tvíburaturnana í New York ... á pizzunni þinni

Ég er reiðari en þjónn yfir tíu senta þjórfe vegna þess sem gerðist þegar ég sagði elsku hjartans múffunni minni að Tvíburaturnarnir – stóðu hlið við hlið, á meðan starfslíðið og ég fylgdumst með tvíburaturnunum í Heims ... ég nefni þetta verkefni „Að leita að böku en finna bara múffu“. Hvað ... Hvað gæti verið betra en heimatilbúin múffa eða smákaka? Tvíburaturnarnir ...

Sameinuð stöndum við og fylgjumst með fyrstu giftingargleðimúffu Tvíburaturnanna ... Fyrsti hamingjusami hallærislegi múffu-moddarinn ... Citta grunnskólinn ætlar að halda sex múffubasara og láta allan ágóðann renna í Tvíburaturnasjóðinn ...

Sökudólgarnir á bak við svindlið segja að með hugtakinu „tvíburaturnar“ eigi þeir við Viðskiptamiðstöðina ... Þá þurfa þeir að borga með einhverju meiru en bananahýði eða Hostess múffum. ...

Hægra megin fengu gestir litríkan múffufána. ... Sleginn gríðarlegri vantrú fylgdist hann með tvíburaturnunum hrynja til jarðar á hundruðir New Yorka ... Velkominn aftur á þurrt land, Kafteinn Múffa. ...

Nú, þegar maður spilar þetta eftir múffuáætlun eins og á síðasta ári með einungis fjórar flugvélar ... munu gleðjast að heyra að risavaxin syngjandi Hostess múffa opnaði ... strax í eftirleik árásanna á Tvíburaturnanna þann 11. september fannst hálfétin árstíðamúffa á bringunni á honum ... Síðan, eftir mynd af krúttlegu geimvélmanni í gervi hvolps sem gæddi sér á múffu, stökk íkorni upp í fangið á mér og fékk sér bita af múffunni sem krýndi bygginguna og býður upp á – bauð upp á – útsýni á báða tvíburaturnana...

Tvíburaturnarnir í dag í ... Nafn: sykur ástarmúffa þann 14. september. Boxin – sem í reynd eru appelsínugul – Loftsyn á eyðilagða tvíburaturnana.  
SÖNNUNARGÖGN LÍSU: MÚFFUR LÍSU.

Því að djúpt við hjartarætur þeirra ungu og gömlu, er ekki alltaf auðvelt að finna upp nýjungar fyrir hina ljúffengu múffu ... Dapurlegt að sjá tvíburaturnana, samt... birt kl. 12:28 | Hvarta tal'um, Willis? Kaffeinn Múffa snýr aftur! Bændurnir fagna. ...

Tvíburaturnarnir voru lögmæt skotmörk, þeir studdu við bakið á bandarískum efnahag ... til að endurskíra Bombay Mumbai er ekki nokkuð sem sýnir fram á öfgastefnu, múffa ... padda, sykurstöng, teiknibóla, vínber x2, xs tyggjókúlusjálfsali, hjartastrengir, múffa ... golf köntrí engill heldur tvíburaturnum ...

Síða 1. „Trúfrelsi, málfrelsi, persónufrelsi vernd gegn fangelsun án dóms og laga; og réttarhöld með kviðdómi ...

... á valdatíma Carter-stjórnarinnar, hélt annar nemandi fram, stóðu Bandaríkin frammi fyrir „Gestatökunni í Íran“. „Það hlýtur að hafa verið hrafnasparkið á múffunni ... „Ég hef enga eina sérstaka manneskju í huga, Múffan mín. ... Hryðjuverkamenn réðust á Tvíburaturnanna í New York borg. ... 14:30 Nokkrir félagar mínir í stétt listamanna gáfu mér afmælistímum. 17:30 ... Ég kveiki á sjónvarpinu og hrekk við þegar ég sé Tvíburaturnana á kafi í eðlilegum umferðarstraumi á götunum kl. 06:45 Þeir eru að segja eitthvað um að flugvélar hafi klesst á tvíburaturnana - - og flugvélin hitti ... þyrlu bankaræningja sem festist í vef á milli tvíburaturnanna ... sérstöku kökurnar hans, en þeir áttu bara Súkkulaðimúffumix Denna Dæmalausa ...



Paul Dutton

**Ekki til heldur fyrir**

Ég söng aldrei ást mína til þín  
né gat  
heldur gaf þér  
ekki sungna til  
ósöngna ást mína  
söng ég fyrir þig  
og myndi  
ekki til heldur fyrir þig  
syngja ást mína  
ég fengi mig ekki til þess að  
syngja til  
flytja til  
elska til þín  
enda  
meira af ást  
ég gæti ekki sungið  
heldur flutt  
söng minn ósunginn  
ást mína  
ég kom með  
gat ekki sungið  
gat ekki flutt  
til þín  
sönginn sem ég söng fyrir þig  
með ást  
ósyngjandi  
hringjandi inn hinn nýja  
söng sem ég söng  
vegna þín  
hverri ég gaf til  
ást mína  
en gat ekki sungið

gat ekki gefið söng  
til þín  
söng heldur fyrir þig  
ást mína sem hringlaði  
nýja hringi um mig  
elska þig  
sem ég gæti ekki  
sungið til  
heldur fyrir  
ástarsöng

Nada Gordon

**Gosbrunnur**

Veröldin lyktar  
eins og þvagskálar  
mynta í dag – líklega  
út af öllum „hreinsununum.“

Hvert sem maður fer  
er þetta  
„vandræðalega pláss.“

Plastpokar yfir andlitum.

Svívirðilegt bongó, stúrið Vaselín,  
glitrandi gjarðir utan um dvínandi ilmsmyrsl –  
alrúnan  
spinnur segul  
í klefa sínum.

Allt er gott  
við endalok tímans! –  
og ljósir kímonóar æpa  
í fráhnepptu loftinu.

Ég er leiðinlegur alþýðutrúbador  
sem tekst ekki að ríma LJÓÐRÆNA  
við LOFRÆÐA.  
Kassöndrurassgatsdrasl . . .

Eins á-hættulegt  
og það er ómeðfærilegt.

Sjá! Kynlífsþrælar –  
láta sig reka yfir vatnið á ný

samsíða  
hver í sína áttina . . .  
kynlífsþrælar  
stafa vatnið  
í lófann  
á vondu lambi . . .  
Ann Margret heldur áfram  
að eldast meðal Helgidómaranna –  
á enni hennar,  
dálítið strikamerki:  
*strigakjaftur* –  
„allt sem þú þarfnast fyrir útileguna.“

Æ – klækir mínir fljóta . . .  
er það ekki vitleysa  
að við höfum stoppað svona lengi?  
Klám andardráttisins,  
skömm litla ljóta skítuga almenningungans?

Líttu á sjálfan þig –  
þú ert munnur,  
makaður með rotnun –  
stefnir niður

til veigalíttillar kvasí-tvíkynja reyktrar síldar.

Ah, ég . . .

Tígrar ríða á teppinu.

Þú verður að borða á þér hálsinn.

Paal Bjelke Andersen

**NOREGUR**

**2000**

Nasaret og Noregur og Stiklestad og Noregur og Ameríka og Noregur og Sunndal á Nordmøre og Noregur og Noregur og Telemark og Noregur og Vestur-Evrópa og Noregur og Noregur og Miðausturlönd og BNA og Osló og Norðursjór og Balkan-löndin og Kosovo og Noregur og Kosovo og Balkan og Téténía og Noregur og Suður-Afríka og framtíðarinnar Suður-Afríka.

**2001**

Noregur og Noregur og Noregur og Spánn og Rómanska Ameríka og Spánn og Noregur og Osló og Noregur og Suður- og Austurland og Sunndalsøra og Haag og Bjøllåga og Melfjord og Beiarn og Noregur og Noregur og Berlínarmúrinn og Austur- og Vestur-Evrópa og Evrópa og Noregur og Evrópa og Evrópa og Noregur og Kosovo og friðurinn á Balkanskaga.

**2002**

Osló og World Trade Center í New York og BNA og Rússland og Indland og Pakistan og Noregur og Afganistan og Afganistan og Osló og Búrma og Noregur og Noregur og Noregur og Miðausturlönd og Noregur og Noregur og Norður-Troms og Finnmark og BNA og veröldin er í Noregi.

**2003**

Noregur og Maridalen-skólinn og Osló og Maridalen-skólinn og Noregur og Bergen og EES-svæðið og Noregur og NATO-löndin og Prag og Sovétríkin og Evrópa og Jóhannesborg og Noregur og Noregur og Noregur og Afganistan og Kúveit og Ísrael og Írak og Kuwait og Írak og Noregur og Osló og Sri Lanka og Súdan og Írak og Noregur og Noregur á árinu sem leið.

## 2004

Íran og Noregur og Noregur og Noregur og Noregur og Noregur og Noregur og Næroset í Ringsaker og Næroset og Næroset og Noregur og New York og Írak og Noregur á sinn þátt í sameiginlegri mannúðaraðstoð heimsins.

## 2005

Indónesía og Indlandshaf og Suður-Asía og Noregur og Noregur og Noregur og Noregur og Svíþjóð og Noregur og Karlstad og Noregur og Svíþjóð og Noregur og Madrid og Beslan og Noregur og Súdan og Noregur og Darfur og Noregur og Noregur og Evrópa og Noregur og Noregur og BNA og Suður-Asía og Noregur og Suður-Asía eftir náttúruhamfarirnar.

## 2006

Noregur og Noregur og Lørenskógur og Osló og Holmestrand og Osló og Soria Moria kastali og Evrópa og Noregur og Noregur og Asía og Pakistan og Noregur og Indland og Afganistan og Kabúl og Svíþjóð og Noregur og Noregur og Noregur og ekki bara í Noregi, heldur í mörgum öðrum löndum.

## 2007

Bengalaland og Kirkenes og Kårhamn í Finnmörku og England og Norðurland og Noregur og Mongstad og tunglið og Noregur og Steinkjer og Norður-Østerdal og Røros-svæðið og Líbanon og Ísrael og Palestína og Betlehem og Beirút og Afganistan og Líbanon og Afganistan og Stord og Noregur í útlöndum.

## DANMÖRK

### 2000

Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og þýsku Hansabæirnir og Amager og Lolland-Falster og Danmörk og Danmörk og jóska austurströndin og Fredericia og Danmörk og Danmörk og Lemvig og Líbanon og Christiansborg og Danmörk og Evrópa og England og Svíþjóð og ESB og Danmörk og Evrópa og Evrópa og Danmörk og Danmörk og sú Danmörk, sem við getum verið stolt af.

### 2001

Suður-Kórea og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Evrópa og Jótland og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Evrópa og Danmörk og ESB og Evrópa og ESB og Nice og Evrópa og markaðurinn í Hjallerup og Suður-Kórea og Danmörk og hin varanlega Danmörk.

### 2002

New York og Washington og BNA og BNA og gervallur vesturheimur og BNA og Danmörk og Afganistan og Afganistan og Danmörk og Afganistan og Danmörk og Bosnía og Kosovo og Makedónía og aðrir brennideplar heimsins og Danmörk og Danmörk og Danmörk og ESB og Danmörk og ESB og öll mið- og austur-evrópsku löndin og Kaupmannahöfn og Mið- og Austur-Evrópa og ESB og heil og óskipt Evrópa.

### 2003

Lettland og Lettland og Sovétríkin og Berlínarmúrinn og Járntjaldið og Kaupmannahöfn og Evrópa og ESB og ESB og ESB og Danmörk og Evrópa og ESB og Danmörk og ESB og ESB og ESB og Danmörk og ESB og Danmörk og Danmörk og Danmörk og við skulum tala beint gegn bókstafstrúarklerkunum og koma í veg fyrir að trúarlegt og pólitískt ofstæki nái jarðvegi í Danmörku.

## 2004

Austur-Evrópa og kommúnistaríkin handa járnþjaldsins og ESB og NATO og Evrópa og Danmörk og Bagdad og Danmörk og Írak og Írak og Líbía og Írak og Írak og Danmörk og Írak og Afganistan og Kosovo og aðrir brennideplar heimsins og Danmörk og Danmörk og flest Evrópusambandslandanna og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk sem gengur keik til framtíðar.

## 2005

Suðaustur-Asía og Indónesía og Sri Lanka og Indland og Tæland og Danmörk og Danmörk og Svíþjóð og Noregur og Svíþjóð og Noregur og norrænu löndin og Dómkirkjan í Kaupmannahöfn og veröldin hefur minnkað.

## 2006

Suðaustur-Asía og Pakistan og Danmörk og Evrópa og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Afríka og Pakistan og Kosovo og Afganistan og Írak og Darfur og aðrir brennideplar heimsins og Írak og Írak og Írak og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og sú Danmörk, sem ekki bara hefur mikinn samkeppniskraft.

## 2007

Danmörk og fjöldi múslimskra landa og dönsk sendiráð og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Evrópa og önnur frjáls þjóðfélög heimsins og okkar heimshluti og Írak og Danmörk og Suður-Írak og Stóra-Bretland og Danmörk og Írak og Afganistan og Kosovo og Líbanon og Súdan og aðrir brennideplar heimsins og Danmörk og Danmörk og ESB og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og Danmörk og við búum við gott félagslegt öryggi í Danmörku.



## FINNLAND

### 2000

Finnland og Finnland og Evrópusambandið og Finnland og Finnland og Finnland og Finnland og Finnland og Kosovo og Kosovo og Balkanskaginn og Rússland og á sama tíma verður Rússland að komast hjá því að einangra sig frá hinu alþjóðlega samstarfi.

### 2001

Finnland og heimurinn og Finnland og Finnland og Finnland og nágrennalöndin og norræna velferðarsamfélagið og eystrasaltslöndin og norrænu löndin og Eistland og Lettland og Litháen og Evrópusambandið og Finnland og eystrasaltslöndin og Finnland og Rússland og Rússland og Rússland og Finnland og Rússland og Rússland og Rússland og önnur Evrópulönd og aðildarþjóðir Evrópusambandsins og Nice og Evrópusambandið og Evrópusambandið og Evrópa og Evrópa og Evrópusambandið og Svíþjóð og Evrópusambandið og Svíþjóð og Balkanskaginn og Júgóslavía og Serbía og spírandi lýðræðið í Júgóslavíu er þrátt fyrir allt brothætt.

### 2002

Vort land og Bandaríkin og Finnland og Finnland og heimurinn og heimurinn og Sameinuðu þjóðirnar og Finnland og aðildarþjóðir SÞ og Miðausturlönd og Finnland og Finnland og Evrópa og Evrópusambandið og Nato og Evrópa og Rússland og Eistland og Rússland og Evrópusambandið og Finnland og Rússland og Eistland og Finnland og Eistland og Eistland og Finnland og norrænu löndin og Finnland og Móðir Finnland og ESB-löndin og Bandaríkin og Japan og opið efnahagskerfi líkt og í Finnlandi virkar hlutfallslega sterkt ef alþjóðaefnahagurinn versnar.

### 2003

Finnland og Evrópa og Evrópusambandið og Finnland og Vantaa og ESB og Finnland og Finnland og Finnland og Finnland og Evrópusambandið og Kaupmannahöfn og Eistland og Lettland og Litháen og Evrópa og Prag og

Evrópusambandið og Finnland og Sameinuðu þjóðirnar og Afganistan og Írak og Írak og Jóhannesarborg og við Finnar berum ábyrgð á Finnlandi.

## 2004

Sveitarfélög Evrópusambandsins og Evrópa og Finnland og Evrópusambandið og Finnland og Finnland og Finnland og Finnland og aðildarþjóðir Evrópusambandsins og Evrópusambandið og Finnland og Sambandið og ESB og Sambandið og Finnland og Finnland og Finnland og Finnland og Finnland og Finnland hefur möguleika til þess að gera menningarframleiðslu að merkingarbærri þjóðariðju.

## 2005

Indónesía og Indónesía og Tæland og Inlandsskagi og Sri Lanka og strönd austur-Afríku og hamfarasvæðið og Finnland og Sameinuðu þjóðirnar og Suðaustur-Asía og SÞ og Finnland og SÞ og SÞ og Finnland er enn gott land til að búa í.

## 2006

Finnland og Evrópa og vort land og Finnland og Finnland og Finnland og Finnland og SÞ og Finnland og Evrópusambandið og nágrannar okkar og Svíþjóðar og Eistland og Rússland og Evrópa og Finnland og Kína og Inland og Brasilía og Finnland og SÞ og Evrópusambandið og Frakkland og Niðurlöndin og Evrópusambandið og sambandsþjóðirnar og Evrópusambandið og ESB og aðildarþjóðirnar og Evrópusambandið og Finnland og Evrópusambandið og öll nágrannalöndin okkar og Evrópusambandið og ESB og Finnland og Svíþjóð og ESB og Finnland og suðaustur-Asía og Lappland og vort land og vort land og Finnland og finnsku konurnar fengu kosningarétt og urðu kjörgengar í pólitískum kosningum – þær fyrstu í Evrópu.

## 2007

Finnland og vort land og Evrópa og vort norræna land og Finnland og Finnland og Finnland og Finnland og ESB og SÞ og Austursjór og Finnland og Finnland og Finnland og Finnland og Finnland og Eistland og Rússland og

Evrópusambandið og aðildarþjóðir sambandsins og Schengen-svæðið og nýju aðildarþjóðirnar og Evrópusambandið og Evrópa og Evrópusambandið og Þýskaland og Niðurlöndin og Frakkland og Belgía og Lúxemborg og Finnland er enn í dag í fylkingarbroddi fyrir framförum að mörgu leyti.

## ÍSLAND

### 31. desember 1999

Veröldin víð og breið og landið og landið og landið og landið og Ísland og landið og landið og sveitir og héruð og fjórðungar og landið og Danmörk og Rússland og Ísland og Ísland og umheimurinn og önnur lönd og ekki eitt land heldur mörg og Ísland og ekki eitt land heldur mörg og Danmörk og sambandsríki Evrópu og við Íslendingar ráðum nú yfir sjöhundruð þúsund ferkílómetra hafsvæði.

### 31. desember 2000

Ísland og landið og erlendis og sjór og land og lýðveldið og Háskóli Íslands og Ísland og sömu þróunar gætir víðast hvar annars staðar í heiminum

### 31. desember 2001

Jörðin og himnaríki og sker í úfnu hafi og norðurálfa og útvík heimsins og landið og þetta hrjóstruga harðbýla land og Ísland og aðrar þjóðir og erlendis og sólin og Ísland og hús skáldsins, Gljúfrasteinn og Mosfellsbær og landið kalda sem fóstraði Björk og landið og við Íslendingar heimtum ekki forystusæti á alþjóðavettvangi, þegar úrslitum er ráðið, er varða margar þjóðir, heilar álfur eða jafnvel alla heimsbyggðina.

### 31. desember 2002.

Sólin og myrkrið og orkuboltinn mikli og Ísland og Harvard háskóli og Ísland og Ísland og Ísland og Bandaríkin og Þýskaland og landið og ættjörðin og landið og landið og til þess að Ísland hafi gagn af því.

### 31. desember 2003

Sólin og þetta kalda land og hin ystu höf og Ísland og sléttur Norður-Ameríku og gamla Landshöfðingjahúsið við Bakarabrekku og þetta land og Sigurhæðir og Ísland og Ísland og Kvosin og Kaupmannahöfn og landið og náttúra landsins og

ríkið og landið og klakalandið og þú, sem fyrr með ást og orku kunnir efla mentir þessa klakalands.

### **31. desember 2004**

Ísland og öll Norðurálfan og öll Vesturlönd og heimurinn og erlendir markaðir og landið og vestrænar þjóðir og Sri Lanka og Suður-Asía og landið okkar og landið og lýðveldið og veraldir og til vaxandi Íslands vor hjartaljóð yrkjast.

### **31. desember 2005**

Önnur lönd og nágrannaríkin og suðurhluti Bandaríkjanna og New Orleans og Pakistan og suðurhluti Asíu og heimurinn og Asía og Pakistan og hjari veraldar og Norðurslóðir og heimsbyggðin og norðrið og norðrið og Norðurslóðir og hafið og norðurslóðir og heimskautasvæðið og norðurslóðir og heimsbyggðin og Ísafjörður og landið og þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Ísland og Þingvellir og Valhöll og Þingvellir við Öxará og landið og grannríki okkar og Þingvellir og heimurinn hlær.

### **31. desember 2006**

Sólin og aðrir staðir og önnur lönd og heima á Fróni og hér á landi og löndin í kringum okkur og okkar strendur og Evrópa og landið og vestrið og Bandaríkin og norðanvert Atlantshafið og Ísland og landið og Kaupmannahöfn og suðrið sæla og land Ísa og fósturjörðin og Evrópa og fósturjörðin og kveðja Jónasar heim til Íslands.

## Gherardo Bortolotti

### **aðferðir á lágu plani (105-176)**

höfuðstaðurinn, einhvers staðar handan hurðarinnar.

tilhneiging sem er eiginlega of kröftug til að kallast tilhneiging.

að vera hluti af lífefninu í herberginu.

neðan við sjóndeildarhring skoðana þinna á NAFTA og Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

almennar tegundir skemmdarverka.

eftir götunum, með lögðum bílum og atvinnulausum unglingum.

ummerki um geimverulendingar í rykinu á húsgögnunum þínum.

tengt héraðsframleiðslu merkinga.

verkefni virka, að kortið þrái vörur.

týndur í verslanamiðstöðum, eftir hraðbrautum sem bíða eigin framfara.

fram tíðin verandi róstarsamari.

hugmyndir og skoðanir til hversdagsnota.

kerfisbundin notkun kvikmyndataekni í úthverfalífum vesturlanda.

draumarnir sem þú vilt að rætist, fólkið sem er viðriðið.

á göngu hjá strätinu, í gegnum veruleikann sem þú keyptir með nýja leðurjakkannum.

fyrir eða síðar ákvörðun þarf að takast.

útkomur ringulreiðar.

óeirðir og fjöldafundir af gamla skólanum.

bílabrennur í úthverfunum.

málamiðlanir milli langana þinna og kapítalískra framleiðslupátta.

aðgengileg samhengi fyrir alþýðu manna.

bið enn eftir vinsælasta orðinu til að mæla.

vinsæl, nýfrjálshyggju, nýtískuleg.

ólík sjónarhorn á hluti, sum eiga rætur í nýlegum auglýsingaherferðum.

alþjóðlegir staðlar tilvitnunarstíla.

án raunverulegrar kortleggingar á skortum þínum.

fylgihlutir kjóla sem framleiða sjónarhorn.

persónulegt viðhorf með takmörkuðu umburðarlyndi í garð raunveruleikans.

stig raunveruleika- og efnahagsvaxtar.

að kjósa annan eiginleika núlíðandi stundar.

leiðir nýfrjálshyggjunnar til að flýja heimsendi.

dulkóðuð skilaboð í popptextum.

mjög snemma að morgni, með grunsemdir um síðustu daga.

erlendar útgáfur af fordómum þínum.

iðnaðargeirar helgaðir merkjaframleiðslu.

einhversstaðar í upplöndum, svo stéttlaus og frjáls.

orðin sem ég ekki man, liggja mér einhvers staðar að baki.

að mæta menningunni á neyslustigi.

að vera með nýjan sjúkdóm sem mögulegur lifnaðarháttur.

ólík lýðveldi sem eiga sér stað á víðáttum þjóðar þinnar.

merkimiðar fyrir allt.

vatn og æska.

að læra af efnahagsslysum fortíðarinnar.

handan við þessar skilgreiningaráhyggjur.

auglýsingar sem styðja við bakið á svefntruflunum þínum.

að stilla sér upp í efnahagslegum skilningi.

að vita hvernig það endar, vona öðruvísi.

vel lesinn í óraunverulegum efnum: nöfnum x-manna, ættartölum í guiding light, miðheimsalda seríum.

sjónvarpið, eiturlyf og undirföru neysluhyggja.

að fá nokkrar hugmyndir, og ekki svo gáfulegar.

skammtímaverkefni sigla í strand í auglýsingahléum.

að uppgötva að maður sé leiðinlegur, öfga-leiðinlegur.

náttúrulögmál framtíðarinnar, sem hafa ekki í för með sér óreiðu, sundrung og dauða.

að efast dálítið um tilvist náunga síns.

með yfirsýn á látlausa nepju.



að finnast sum vensl persónulegra eða óviðkomandi upplýsinga trufla netið.  
smáatriði í ímynduðum herbergjum, sýnir af íbúðum séðum í sjónvarpinu.  
gamlir vinir sem týnast í innkaupahringrásum.  
að horfast aftur í augu við kvöldið, horfa á hluti í sjónvarpinu, hlusta á dinosaur jr.  
ummæli um að vaxa úr grasi.  
niðurgreiddur af naívum hugmyndum um framleiðslu.  
merki úr geimnum í stofunni minni.  
að mega kaupa hlut í stöðugleikanum.  
góður tími fyrir breytingar.  
í kapitalískum framleiðsluháttum, þar sem allir vinna og fá verðlaun.  
tilgangur lífsins, framleiddur munnlega.  
tiltækur fyrir ólík túlkunarviðhorf.  
ofsóttur af gömlum sjónvarpsþáttum.  
fyrir framan spegilinn, órólegur.  
að trúu fyllilega á sóun skoðanna þinna um lífið og heimsmarkað fjármagnsins.  
framsetning hugsjónatílvika, í lágri upplausn.  
von og efnahagsframfarir.

## Daniel Scott Tysdal

### Cohen

Leonard ég ætla að selja allt sem ég hugsa um til CBC-sjónvarpsstöðvarinnar. Leonard 27. júlí, 2003, og námslánin mín eru enn ógreidd.

Ég skrifaði kvikmyndahandrit sem mun fá öll vel lýstu augun til að glýjast af gláku.

Fyrsta línan er: Ég var alinn upp af Hollywood og þegar ég óx úr grasi langaði mig að vera Kennedy.

Peter Mansbridge gæti talað fyrir teiknimyndaugluna og Rex Murphy mæmað uppblásna örvilnun mína.

Ég get ekki lengur þolað það sem Disney gerir og gerir ekki við tíma og rúm. Leonard þessi óhreinkaða og afsakandi eymd sem ég skrái andar engum byltingum.

Leonard heimurinn okkar er kortlagður án skýringarmynda og klórar sig til endaloka sögunnar með einni söluræðu í einu.

Hvenær mun forsætisráðherrann fá hómófóbum og reykingamönnum eitthvað annað að gera en að skrifa bréf til ritstjórnarinnar.

Hvenær munum við fara á hnén aftur til að snerta flauelsblóðið sem þornar þar sem David hans Birney féll?

Hvenær munu allir þessir áköfu tölvupóstar hætta að reyna að koma mér upp á kellingu og binda enda á hið mennska stríð?

Leonard ég kerfisbatt tungumál fyrir mann sem ég hitti á götuhorni tuðandi um síðustu fjögurhundruð ár hins vestræna lífs. Hann talaði þessa tungu sem grasserar óinnkaupalega við endimörk lífsins án heimilis. Allt sem hann lét út úr sér kortlagði ég hljóðfræðilega frá z til a og aftur til z og þegar yfir lauk leit þetta allt út eins og eitt endemis öskur, ég meina, þetta leit allt út eins og eitt endemis öskur.

Ég braut á mér úlnliðina fyrir The Molson Company en ég græt ekki.

Leonard muntu áfram elskast með mér þegar ég er orðinn gamall?

Þú ert það næsta við hefð sem ég á.

Ég finn ekki fyrir neinu í beinum mér.

Getum við haldið áfram að gefa snjó í allar safnanir fyrir vanþróaða málstaði?

Getum við viðhaldið steindri þögn á þínu Kanafjalli?

Louis Riel og ég þömbuðum landa alla leiðina til Athabasca og hugsuðum upp

leið til að brenna stríðið. Við ætlum að taka höndum saman við Wayne og Walter Gretzky og skora á repúblíkanana í bim-bi-rim-bi-rim-bam á flötinni við Hvíta húsið.

Þessir repúblíkanar þessir repúblíkanar og þessir Gretzkyar.

Þessir repúblíkanar í jakkafötum alltaf hnusandi upp ókunnuga. Arg. Þessir repúblíkanar segjandi, við reyndum að gefa þeim jakkaföt líka en þeirarna ókunnugu vildu ekki taka viððeim.

Leonard bara þó ég noti öll þessi sérnöfn þá þýðir það ekki að ég vilji vera pólitískur.

Bara þó ég hljómi og lykti eins og Kani.

Hver er ég að hlýða veröldinni?

Hver er ég að dragnast um með þetta lík?

Það eru ekki nógu margir listamenn sem reka spítalana okkar og allar þessar takmarkanir ættu að geisla ljósum þar til þær sundrast.

Leonard ég trúði einu sinni að ein stök lína af kakófónískum hljóðum væri merkilegri en blómstur.

Leonard líkami minn slær og snarar sjálfan sig.

Ég er að skrifa lag fyrir vinsældalistann.

Komdu aftur úr þínum helga steini og veldu mig fyrir annan stýrimann.

Fyrsta línan er: Leonard ég ætla að selja allt sem ég hugsa um til CBC-sjónvarpsstöðvarinnar.

Komdu, Leonard, syngdu með mér í þinni gullnu raust: 27. júlí, 2003, og námslánin mín eru enn ógreidd.

Ræsktu þig, andskotinn hafi það, við erum næstum komnir að síðasta hljóminum.

Leonard líkamar okkar eru bresturinn á sjóndeildarhringnum sem leiftrar á milli dimmu og dags.

Leonard rödd er alltaf nærri í kuldanum og hvíslar.

Leonard þessi snjór er tær.

## Iain Bamforth

### **Ókerfisbundin líffærafræði**

*Eftir Rabelais*

Hvelfing höfuðskeljar hans var venjulegur dagur æpandi út um dyrnar  
og ennið á honum var skúffa af mótbárum  
og heilaköngullinn var gríðarstór físisbelgur  
og lithimnurnar voru samanþjappað gæsager  
og ytra eyrað var lauf strokið af Kafka árið 1910  
og úfur hans var boxpoki fyrir Benny Lynch  
og slef hans var viðreynslutaktík  
og tunga hans var samþykktir svitabaðhúsasiðir.  
Kok hans var þekking snáksins  
og skjaldkirtill hans var skjöldurinn yfir Patróklusi  
og barkakýlistaugin var verðlaunakrufning  
og barkinn var stigi til guðanna.  
Mæna hans var allar fréttirnar á sextíu sekúndum.  
Þindin var náttstaður næturlangt á Cul Mor  
og lungu hans voru skepnan í lóninu  
og lífrin hans sat alein og yfirgefin  
og gallblaðran var endurkoma hins glataða  
og garnahengið var nóg sagt um Búlahúla  
og miltað var saga Belgíu  
og maginn var pottar og pönnur  
og smáþarmarnir klúturinn sem kyrkti Isadóru Duncan.  
Holæðin hans var Þriðji maðurinn  
og míturlokan var elskað viðhengi  
og ósæðin var 23. sálmurinn sunginn á Suðureyjum  
og hjartað var ætipistill.  
Nýru hans voru orð Plíníusar um endurvinnslu  
og þvagpípur hans voru teygjustökkvarar stökkvandi saman að halla sér aftur  
og blaðran var sæti á Citz horfandi á Krítarhringinn  
og kólfur hans var strengd fiðla  
og reður hans var búinn til af áskorun.  
og mjaðmir hans voru úr títan-vanadínblöndu, þar sem engillinn snerti,

og holdbrú hans var strigatjald í fjölleikahúsi  
og grindarholið var fífl Lés  
og lærleggir hans voru borga fyrst, snerta síðan  
og einn fótur var Lissabon-ljón  
og hinn tók lengri tíma.

Minni hans var lagskipt gerlakenning  
og skynsemi hans var sjóveik í hjarta Evrópu  
og ímyndunarafli hans var opið gips  
og hugsanir hans voru enskar ritsmíðar og orðagjálfur  
og samvíska hans var leigusamningur um fuglabúr í Borginni Innmúruðu  
og matarlyst hans var blekbyttá Boswells  
og von hans var einn til fyrir brottför  
og viðfangsefni hans voru Dedalus og Íkarus í völundarhúsinu  
og vilji hans var Góðrarvonarhöfði  
og þrá hans var sár möguleikanna  
og dómgreind hans var fræðirit Salómons um djúpar tungur  
og samúð hans var lággróður  
og þagmælska hans var dregin að landi, milli síldar og þangs  
og rök hans settust niður til að gefa sig fram

í bilinu á milli bernskubruna eyrna hans  
og nær loks áfangastað sem hann sjálfur.

## Michael Lentz

### **góður endir, spurning**

get ég gert eitthvað yfir höfuð fyrir þig.

get ég gert eitthvað fyrir þig yfir höfuð.

get ég gert eitthvað fyrir þig.

get ég gert eitthvað.

get ég gert.

get ég.

get ég fyrir þig meina ég fyrir þig.

get ég meina fyrir þig eitthvað.

get ég að því eitthvað gert.

get ég eitthvað gert meina ég að því fyrir þig svona gengur þetta ekki.

get ég gert eitthvað annað fyrir þig.

get ég gert eitthvað annað meina ég sem þér finnst skemmtilegt.

get ég ég meina get lagt fyrir þig spurningu sem þér myndist skemmtileg.

get ég lagt fyrir þig spurningu sem væri mjög skemmtileg fyrir þig.

eða ætti ég heldur að gera ekkert.

eða ætti ég heldur ég meina ætti ég.

eða ætti það ekki að vera

eða hefur það þegar orðið

eða var það þegar.

eða hvað.

eða hvað þá.

hvað er þá.

hvað er þá eiginlega á seyði hér.

hvað er þá eiginlega á seyði hér með.

hvað er þá eiginlega hér með á seyði.

hvað er þá eiginlega með þessa svínastíu.

svona gengur þetta virkilega ekki.

svona er ekki skemmtilegt hér.  
hverslags eiginlega lík eru þetta þá sem liggja úti um allt.  
það leggur af þessu óþef til himnanna.  
þetta er heimatilbúið fúlegg.  
þetta er rotnun.  
þetta er berlega óskammfeilni.  
hverslags eiginlega tryllt lík eru þetta sem liggja úti um allt.  
hvað liggja þau um, ef mér leyfist að spyrja.  
þau eiga ekki að vera svona, þau eiga að vera í ruslinu.  
þau eru jú dauð ef mér leyfist að spyrja.  
þau eru jú lík ef mér leyfist að spyrja.  
þau eru jú annarra ef mér leyfist að spyrja.  
þau eru jú lík annarra manna ef mér leyfist að spyrja.  
þau ættu jú með réttu að vera bönnuð hér.  
þau ættu jú með réttu að vera í annarra manna rusli.  
þau ættu jú með réttu að vera í eyðimörkinni.  
þetta er jú engin veröld hér.  
þetta er jú öfuguggaháttur  
blekking.  
gríma.  
leigan.  
þetta er jú fölsk ásökun.  
þetta eru jú engin mannsbörn.  
þetta er jú annað fólk.  
þau eiga að hundskast héðan.  
þetta er jú enginn heimaleikur.  
þetta er jú vissulega brandari ef mér leyfist að spyrja.  
þetta er jú fallið á tíma, eða hvað  
þetta hættir jú einhvern tíma, eða hvað?  
þetta leysir sig jú sjálft, eða hvað?  
þá þarf maður ekki að spyrja lengi, eða hvað?  
það gengur jú allt yfir.  
það gengur en sömuleiðis alls ekki.  
þá þolir maður ekki að horfa lengur.  
þetta er jú skömmustulegt.  
þetta er jú tímaeyðsla.  
jú orðlaus

jú vissulega  
jú

ef mér leyfist að spyrja

ef mér leyfist að spyrja

ef mér leyfist



Anne Waldman

### Hvernig sestínan (geisp) virkar

Ég hóf þetta ljóð á geispa  
og mundi hversu ég þreytist á byltingunni  
birtingarmynd hennar í sjónvarpinu  
er ekki beinlínis ljóðlist  
Þú gætir vel notað meira meþedrín  
að mínu persónulega álitu.

Maður ætti að koma persónulega fram við fólk  
hér kemur annar geispi  
hér er aðeins meira meþedrín  
Takk! Nú, sjáðu til, með þessa byltingu  
Hvað finnst þér? Hvað er ljóðlist?  
Er hún eins og sjónvarp?

Nú stend ég á fætur og slekk á sjónvarpinu  
Húfff! Það var að ná til mín persónulega  
ég held það sé eins og ljóðlist  
Geisp klukkan er fjögur að nóttu geisp geisp  
Þessi nýja hljómplata er barasta ein stór bylting  
ef þú hefur heyrt hana myndirðu skilja að meþedrín

er ekki frábærasta eiturlyfið nei ekki meþedrín  
það hjálpar ekki til við sjónvarpsgláp  
Þú vilt stökkva á fætur bylta  
einhverju sem snertir þig persónulega  
Þegar þú ert upptekin og með í leiknum geisparðu aldrei  
það er meira eins og tilfinning, eins og orka, eins og ljóðlist

Mér finnst frábært að skrifa ljóð  
það er skemmtilegra en gras, sýra, THC, meþedrín  
Ef ég get ekki skrifað byrja ég alltaf að geispa  
og þá er tími til kominn að halla sér aftur og horfa á sjónvarpið

sjá hvað kemur fyrir mig persónulega:  
stríð, verkföll, hungursneyð, bylting

Þetta er sýnishorn af byltingunni minni  
ég fer auðveldustu leiðina frá ljóðlistinni  
ég vil slá ykkur öll persónulega  
eins og extra-sterkt meðdrín  
svo þið verðið ykkar eigið sjónvarp  
Verðið ykkar eigin geispi!

Ó risavaxni geispi, blóðuga bylting  
þögla sjónvarp, fallega ljóðlist  
banvænasta ljóðlist  
ég vel ykkur öll í ljóðið mitt persónulega

## Teemu Manninen

### **Barn er lítill sívalningur**

Barn er jafnan talið vera í sínu  
besta leikformi frá 9 til 15 ára aldurs,  
það sem barnið þráir í raun  
er að fá heilalausar fituklessur  
í blóðrásina.

Barn hefur verið að fullu þjálfað þegar það  
má virkja við vinnu á meðan bjart er úti.  
Smáhestur er engu ásættanlegri.  
Barn er allir bandaríkjamenn, keyptir eða seldir,  
einstakt kyn í loftbelgskappi.

Barn er lítill sívalningur  
hræddur við loftbelgi  
sem mælist aldrei hærrí,  
á jafnsléttu,  
en 148 cm skólaus.

Barn er átmaskína, sveigjanlegt,  
hreint borð, dásamleg viðbót  
við heimili með eða án kjúklinga.  
Barn er ekki jafn mikil ógn við manninn í húsinu  
því það er kynferðislega óþroska.

Barn í neyð er talið „sjaldgæft“  
og það þýðir ekki endilega  
að það sé bilað og ekki sé hægt að laga það.  
Maður þarf bara að slá inn eftirfarandi kóða:  
„í hvert skipti sem þú fróar þér drepur guð kettling.“

Mike Topp

**EF**

Ef maður væri geimvera, veistu hvað myndi gera mann alveg brjálaðan?  
Matreiðslubækur á frönsku. Hvernig í fjáranum á maður eiginlega að geta skilið þær?

## **Guðdómleg ást**

Guð lætur ást sinni rigna yfir okkur á hverjum einasta degi. En við finnum ekki fyrir þessari ást, vegna þess að stolt okkar er eins og risavaxin regnhlíf sem við höldum yfir höfðum okkar. Það sem við þurfum að gera er að setja þessa regnlíf í regnlífastandinn og þá getum við fundið fyrir ást Guðs. Standar fyrir stoltsregnhlífar, úr svartri valhnotu eða mahóní, 7.500 \$.

## Stella

Það var heitt í veðri um síðdegið – fullkomið veður fyrir sundsprett – en ég hafði lofað Stellu að ég myndi hitta hana á lestarstöðinni. Um tvö eftir hádegi greip ég reiðhjólið og fór af stað. Þegar ég kom á lestarstöðina var Stellu hvergi að sjá. Þá uppgötvaði ég að ég var alls ekki á lestarstöðinni, heldur í kofa sem var settur saman úr íspinnaprikum og tyggjó. En samt, hvar var hún?

## Kínverskar soðbökur

300.000.000 matskeiðar af feiti  
1.500.000.000 bollar af hveiti  
2.000.000.000 teskeiðar af natróni  
750.000.000 teskeiðar af salti  
750.000.000 bollar af mjólk

Blandið feitinni við hveitið, natrónið og saltið þar til deigið myndar fína mylsnu. Hrærið mjólkinni saman við. Látið deigið drjúpa úr matskeið niður á heitt kjöt eða grænmeti í sjóðandi heitri kássu (látið ekki drjúpa beint í vökvann). Sjóðið á opinni pönnu í tíu mínútur. Setjið lokið á og sjóðið í 10 mínútur í viðbót. Úr þessu ættuð þið að fá 800.000.000 til 1.000.000.000 soðbökur.

## Fokkaðu þér

Gasan sat við rúmstokk Tekisui þremur dögum áður en lærimeistari hans lét lífið. Tekisui hafði þegar valið sér Gasan fyrir eftirmann. Musterið hafði nýverið brunnið til grunna, og Gasan hóf að endurreisa það. Tekisui spurði hann:

„Hvað ætlarðu að gera þegar musterið er tilbúið?“

„Þegar þér er batnað viljum við að þú haldir ræðu þar,“ sagði Gasan.

„En hvað ef ég dey áður en af því verður?“

„Þá fáum við einhvern annan,“ svaraði Gasan.

„En hvað ef þið finnið engan annan?“ sagði Tekisui.

Gasan svaraði hátt: „Ekki spyrja svona heimskulegra spurninga. Fokkaðu þér bara.“



## Standpína

Ungur og myndarlegur zen-munkur kom til Bankei og kvartaði: „Lærimeistari, ég er með óstjórnlega standpínu. Hvernig næ ég stjórn á henni?“

„Þú þjáist af undarlegum kvilla,“ svaraði Bankei. „Leyf mér að sjá hana.“

„Ég get ekki sýnt þér hana núna,“ svaraði hinn.

„Hvenær getur þú sýnt mér hana?“ spurði Bankei.

„Hún rís án þess að gera boð á undan sér,“ svaraði neminn.

„Fyrst svo er,“ ályktaði Bankei, „er hún vafalaust ekki þitt sanna eðli.“

Ef hún væri þitt sanna eðli gætirðu sýnt mér hana hvenær sem er. Þegar þú fæddist varstu án hennar, og foreldrar þínir færðu þér hana eigi. Hugsaðu um það.“

## Ótitlað

Ég hata inniskó. Það er eins og að vera í skóm með engar reimar.

## Hvernig maður skrifar hæku

Víðfrægt bandarískt skáld var spurt hvernig maður semur hæku.

„Hin almenna aðferð samanstendur af þremur línunum,“ útskýrði Ron. „Í fyrstu línunni eru fimm atkvæði; annari línunni, sjö atkvæði; þriðju línunni, fimm atkvæði. Þetta sést vel í einu af ljóðum mínum:

Fyrst: fimm atkvæði

Og síðan: sjö atkvæði

Loks: fimm atkvæði.

## Ótitlað

Ég fékk frábæra vinnu síðastliðinn föstudag  
en launin eru of lág og  
vinnan sjálf er niðurlægjandi.

## **Fin-De-Siecle**

Stundum  
virðist  
allt  
eins og  
uhh, bara eitthvað.

## Ida Börjel

### Ástarsaga

- brotlending

Ida Börjel

Síða 1 01-05-22

skapað þann

02-08-31 18:03

Ameríkukoffort með fötum;

ida börjel

Normal

ida börjel

samtök idu

Ameríkukoffort með fötum;

\_PID\_GUID

{077522A5-9BE9-IID5-A841-9F05EF7ACFI4}

{077522A5-9BE9-IID5-A841-9F05EF7ACFI4}

INVENTARIUM

Ameríkukoffort með fötum;

Ameríkukoffort með fötum;

, , , , gulur bangsi og grábjörn í náttkjól,

espressóvél, plastbollar fyrir kaffi og te,

sjö rammar, hálf ryksuga, gul, karafla í bláu plasti

, , túrkíslitur, , , , gulur bangsi og grábjörn í náttkjól,

spressóvél, plastbollar fyrir kaffi og te, sjö rammar,

hálf ryksuga, gul, karafla í bláu plasti,

óvél

plastbollar fyrir kaffi og tesjö rammar

hálf ryksuga, gul

karafla í bláu plasti

, , , , tveir hátalarar, , , , Eitt annað, , , , gul , Sex

kjólar, grænn, , grár, , , , grár, svartur herrajakki, blár , , ,

rauðar apríkósur blá, Fimm skyrtur, þrjár hvítar, ein bleik, ein

dílótt, ein hafblábleik , , Tólf pils, Tvær

axlabandabuxur, Tveir hvítir stuttermabolir, einn svartur, tveir rauðir, einn

gulur



úr gleri eitt lillablátt eitt grænt fyrir , hvíta og græna svarta  
 (bleika) læmgræna blá , túrkís einn gulur bangsi og  
 grábjörn í náttkjólaespressóinu dílóttu, , erósir , , tólf  
 pils, tvær axlabandabuxur. , , ein , 70 kíló, , sex stólar, , , ,  
 , , ein m, tvistar, ein eldhúsklukka, ein spiladós úr tré, , , , , Eitt  
 annað, , , stór glös, gul , græn, Sex kjólar, Fimm ólíkar  
 töskur, grá, svartur herrajakki, , re, Grænmunstraðar  
 afrískar bómullarbuxur, , kerfismyndavél, eeeitt, , ,  
 stór , silfulituð, , , búsaöld, , ein , , 12 2 eða  
 marglituð, rauðar , , þrjú , , , , , plakatabraut, kassi með ,  
 einu korti með myndum, verkfærum, , , 129 bréfum, , orðabókum; ein  
 ensk ein fra einni, norræn fjölskyldubók frá síðustu öld,  
 116 , 17 ljóðabækur, 12 drammar, nítján, átta  
 glósubækur, , , , , , hvítur vefnaður, , , , , sápubrúsi, með tungli,  
 , , , , einn annar, , , , , og eitt grænt, , , , saskja með gulu ljóni  
 á, , 4 , 3handklæði, , 35 , , , , fimm minidiskar með  
 efni, tvö borðspil með líkönum , , þrjú , , , sex skópör  
 bleik , , , , , ljósgræn , vatnslitir, skissubók,  
 málverkastrigi, penslar, ilmterpentína, blá 16 , , , ein , , , ,  
 og eitt .  
 gulur bangsi og grábjörn í náttkjólaespressóvél,  
 plastbollar fyrir kaffi og te, sjö rammar, kústur, ein blá  
 karafla, tveir grænir matardiskar, mörgæs úr plasti, tveir  
 húslyklar, tveir íbúðarlyklar, einn þvottahúslykill, fjórir  
 dag;\_ ¢\_ £\_ ¥\_ \_ \$\_ ^\_

Unknown  
 ida bö  
 Unknown  
 ida bö

!\_ " \_ %\_ &\_ )\_ \_rauðar apríkósu bláar, , , , , , , , , , tveir  
 hátalar, , , , , , Eitt annað, , , gult ,  
 , , hvítir og litaðir , , 35, ,  
 , , , , , , , , , gleraugnabox, , , ilmterpentína, , blár , , , , ,  
 túrkís, , , , , , gulur bangsi og grábjörn í náttkjól,  
 espressóvél, plastbollar fyrir kaffi og te, sjö rammar,



, , hvítur vefnaður , , , , , sápubrúsi , , með tungli , , ,  
kertaframleiðsludrasl, hálf ryksuga, gl, karafla úr  
bláu plasti, keramikvasi, tveir grænir matardiskar úr  
gleri, afrísk smástytta, hitalampi, hátalari  
frá síðustu aldamótum einn , 70 kíló , , sex stólar , , , , ,  
ein m, tvistar , , 12 2 eða marglitað, rauðar , , þrjár , , , , ,  
, plakatabraut , kassi með , eitt kort með myndum, verkfæri,  
, , 129 bréf , orðabækur, ein ensk ein fra ein, norrænt  
fjölskyldubrjel

## Saga sem á sér trix

Danskar manneskjur eru rúnnaðar þyrstar manneskjur sem hafa ekki neitt á móti neinum hundum. Danskir hundar eru venjulegar verur með smáa flekki. Danski hundurinn lumar alltaf á trixi til að sýna á barnum. Ég er danski bareigandinn og mín setustofa er allra. Spænsku hundarnir eru latar verur með of mikla sól yfir sér. Sænskir hundar eru burstaðar grannar áhyggjufullar verur sem eiga sér langan og flókinn uppruna. Sænsku hundaeigendurnir tala alltaf til þess að bera saman upprunann og ástand feldanna. Þýski hundurinn lumar ekki á neinu trixi til að sýna á barnum. Danskir hundaeigendur eru hlýjar þyrstar manneskjur sem deila hugsunum og drykkjum á barnum. Þeir austurrísku myndu aldrei deila hugsun með ferfættum vinum sínum. Danski hundurinn þarfnast engrar ólar. Danskir hundar elta eigendur sína eins og eigandi eltir hundinn á barinn. Sænskir barir eru sóttreinsaðir snyrtilegir staðir með teinastólum og útvatnaðri bandarískri tónlist. Danski pöbbinn er notalegur dimmur staður með skemmtilegum límmiðum og plakötum. Danska konan mín kemur inn. Hún er hlý geislandi litrík vera með góðan heilbrigðan hlátur. Austurríska konan, portúgalska konan og finnska konan eru ekki með neinn hlátur sem vert er að nefna. Danska konan kemur geislandi og litrík inn á barinn minn. Hlátur hennar er sterk góð hollusta. Danska konan kemur aðvífandi með fínan þorsta til að taka til höndunum með. Litli rúnnaði danski hundurinn sýnir henni trixið sitt við borðið á barnum mínum. Danska konan hlær og lyftir glasi sínu fyrir öllum sem sjá hana og heyra.

*Amiri Baraka*

**Í fúnkheimum**

Ef Elvis Presley/ er  
Kóngur

Hvað er þá James Brown,  
Guð?

S. Baldrick

**Byssukjaftar Þjóðverja**

Búmm búmm búmm búmm,  
búmm búmm búmm.  
Búmm búmm búmm búmm,  
búmm búmm búmm.

*Þp Nichol*

## **hinn endi herbergisins**

elskendur húðin er  
leið til að snertast

halló

alltaf glerið  
milli þín &  
þess sem fer hjá

## Heildarverkin

! " # \$ % & / ( ) = Ö \_  
1 2 3 4 5 6 7 8 9 0 ö -

Q W E R T Y U I O P ð ? \*  
q w e r t y u i o p ð ' +

A S D F G H J K L Æ '  
a s d f g h j k l æ '

Z X C V B N M ; : Þ  
z x c v b n m , . þ

° <

¨ >

---

\* allar mögulegar umraðanir allra liða leyfilegar. dugi þær ekki til er best að fara í tools/insert symbol og velja þar tákn. dugi það ekki til er best að skipta um letur, breyta stærðinni, skáletra, feitletra eða undirstrika. dugi það ekki til er hægt að skipta um lit á textanum. dugi það ekki er hægt að klippa og líma, miðjusetja, vinstrisetja, jafna og hægrisetja. dugi það ekki til er spurning um að kaupa sér nýtt ritvinnsluforrit eða ráða sér umbrotsmann.

## Gorg, spæjarasaga

maður gengur inn í herbergi. það er lík á gólfinu. maðurinn hefur verið skotinn í gegnum gagnaugað kúlan fór inn með 45 gráðu halla fyrir ofan augun & fór næstum því út um hvirfilinn. maðurinn gengur ekki út úr herberginu. líkið stendur upp & kynnir sig. seinna verður veisla. þér verður ekki boðið & ferð í fýlu út í horn & setur upp skeifu. það er byssa á gluggakistunni. þú setur upp talíu sem hjálpar þér að geta togað í gikkinn á meðan þú miðar byssunni milli augnanna & heldur við hana með fótunum. maður gengur inn á þig. þú liggur á gólfinu dauður. þú hefur verið skotinn í gegnum gagnaugað kúlan fór næstum út um hvirfilinn. þú stendur upp & kynnir þig. maðurinn liggur á gólfinu & þú skýtur hann á milli augnanna kúlan gatar gagnaugað & fer gegnum höfuðkúpuna í gólfið. þú snýrð aftur í veisluna. maðurinn biður þig að fara því þér var ekki boðið. þú tekur eftir ókunnugum manni í dyragættinni sem dregur upp byssu og skýtur þig milli augnanna. þið kynnið hvor annan & leggist niður. gestgjafinn er kurteis en ákveðinn og biður ykkur báða að fara. á þessum tímamarki gengur inn maður & kynnir sig. þið liggið á gólfinu & getið ekki séð hann. gestgjafinn virðist ekki þekkja hann & maðurinn fer. veislunni lýkur & herbergið er tóm. maðurinn tekur upp líkið & gengur út.

Charles Bukowski

**ógæfa á hótelinu á horni Vermont og 3. strætis**

Alabam var laumupúki og þjófur og hann heimsótti mig  
í herbergið þegar ég var drukkin og  
alltaf þegar ég stóð á fætur hrinti hann mér aftur  
niður.

fáviti, sagði ég við hann, þú veist þú átt ekkert  
í mig!

hann hrinti mér bara niður  
aftur.

þegar rennur af mér, sagði ég, þá ætla ég að sparka þér  
alla leið til helvítis

hann hélt bara áfram að þjösnastrast  
á mér

ég náði loks að negla hann, rétt yfir  
gagnauganu  
og hann hopaði og  
fór.

það var nokkrum dögum seinna  
sem ég náði mér niður á honum: ég reið  
kellingunni hans.

svo rölti ég niður til hans og bankaði á  
dyrnar hjá honum.

jæja, Alabam, ég reið konunni þinni og nú ætla ég að  
sparka þér alla leið til  
helvítis!



aumingjans vesalingurinn fór að grenja, setti andlitið  
í gaupnir sér og grét bara.

ég stóð þarna og horfði á  
hann.

svo skildi ég hann eftir, fór aftur í  
herbergið mitt.

við vorum öll alkar og ekkert okkar var í vinnu, við áttum bara  
hvert annað.

og meira að segja, þessi svokallaða kelling mín var á einhverjum bar eða  
einhvers staðar, ég hafði ekki séð hana svo dögum  
skipti.

ég átti flösku af púrtvíni  
eftir.

tók tappann úr og fór með hana niður til  
Alabams.

sagði, hvað segirðu um sopa,  
Nagli?

hann leit upp, stóð upp, sótti tvö glös.

Mairead Byrne

## STOPP

ÞETTA ER NÓG **STOPP** ÉG HEF FUNDIÐ ALLT SEM ÉG HEF ÁHUGA Á  
**STOPP** FREDERICK DOUGLASS HUNGURSNEYÐIR FLÚXUS KONKRET  
SJÓNÆNA HLJÓÐÆNA HREYFIAFLSFRÆÐI STÝRIFRÆÐI LJÓÐLIST  
HOPKINS SWENSON TOLSON HUGHES ÍTALÍA MAINE KRISTSBURÐUR  
BARNÆSKA MYNDLÍKING DÆMI KOSOVÓ ÍRAK **STOPP** ÍRAK **STOPP**  
ÍRAK NÚ ÞARF ÉG AÐ LEGGJAST Í HÝÐI Í ÞÚSUND ÁR ÉG ÆTLA AÐ  
FLYTJA INN Á INTERNETIÐ FLYTJA INN Í HLÆGILEGA LOÐNAR HLÍÐAR  
BLOGGSINS MÍNS **STOPP** ÉG ER AÐ FLÝJA LÍFIÐ ÞARNA ÚTI INN Í LÍFIÐ  
HÉRNA INNI **STOPP** ÞAR SEM ALLT ER FLJÓTANDI & HÁLT &  
RÖKKVAÐ & FLATT

Mark Truscott

**Snjór**

Það  
snjó  
ar

Inni í holum barða fer  
ég varlega með setningar

Hver er *ekki* að banka?

Að safna  
mekanismum sem eru smíðaðir  
í kringumstæður sínar

Þurrkarinn er ekki  
lengur einmana

Fólk bregður fæti  
fyrir sjálft sig

Enginn neglir  
*þetta* stýrikerfi

Ljósíð á  
inn og út

## John Tranter

### Hálfdrættingur í Kensington

Með hnefaylli af dollurum í bakpoka,  
orðhákur með kjaftinn á réttum stað, nýlendubúarnir  
mæta óboðnir. *Cette parade sauvage*:  
yfir útlínum borgarinnar má sjá Rupert Murdoch  
skríða yfir Fleet Street, dvergvoxinn King Kong –  
hristu þeir af sér heimsveldi fyrir þetta?  
Rétt er það stjóri, þetta vil ég heyra,  
tungulipurtt, slangri hlaðið málfar tangódansaranna  
á fullu stími gegnum Höfðana í ryðrauðri móðu –  
þetta er botn heimsins  
segja ljóshærðu heimsborgararnir. En augnablik:  
var ekki King Kong fundinn upp í Bandaríkjunum?  
Augun sem sjá inn í Ástralíu  
eru evrópsk augu, sagði Peter Porter, en  
börn vinar míns sumarfríuðu sig í Hollywood,  
og búa í San Francisco, ég er  
miðaldra, og England bjó mig til, félagi,  
þar las ég Maugham í sturtuhléinu – en  
hvað með Malraux? og Lao Tzu?  
Ég hef einsett mér að næst verði ég  
Kínverji, sem talar fullkomna ensku  
eða kreólamál, og getur valið milli  
steikjandi töfra annars, og hagnýtrar  
ófyrrleitni hins?  
Er hægt að segja *You fuckwit!* á ítölsku?  
Ekki séns, en ef þú spilar Wagner  
í botni, verðurðu ríkur í hveli  
í Bloomsbury-merkingu orðsins –  
gróðurmold menningarinnar, morgunsvefninn,  
þetta skreytir þig líkt og froða  
og Listasafn Landsins opnar dyr sínar  
fyrir þér, og þér einni, loksins.

Sylvia Legris

úr *negatífi garðurinn – tilbrigði við tunguágræðslur*

1.

hvítar lithimnur, bláæddar. þessi kyrð er blóðsteinar, flaggsteinar, kalt stein loftið vindur sér, úr hólfi í hólfi. á miðri leið, staðnæmumst við – lína milli hjarta og lungna. þessi fjörgaði andardráttur; forn andardráttur okkar (hver einasti smádaugi, eilífð; lag ofan á lag, lauf og æð, gulllauf líkja eftir súraldini. snöggþeyst tónlist)

lungu hennar eru sorg, þung með heilnótum og hálfum. þessar tómu frumur, fóður úr orðum (þrír tónar endurteknir: *hjarta hjarta hjarta*)

Maya Angelou

**Tíminn líður**

Húð þín sem morgunsár  
mín sem moskus.

Önnur málar byrjun  
vísra endaloka.

Hin málar endalok  
öruggrar byrjunar.

Bruce Andrews

**Ljóstu mig, elding!**

1.

Vibora!  
Montrass!  
barnalærdómur [barnatrú]  
gullna lyfleysa  
mjólkurvetur, Vetrarbrautin  
þjálfar hógværd augans  
dreymna dásömun  
Litríks Hafs  
utan við tíma  
vida  
strokið og gælt  
divertida  
fangi töfralampan  
Vinsamlegast fargið þessu bréfi

A.2.

Leyfðu nóttinni að ná fram vilja sínum  
í annars stað  
hringsóla blindandi  
í hvítbrennandi dýrkunargervi  
& leggja álög  
venjulegur búningur næturinnar  
eltir mig líkt og glennt skæri  
í eigu arflausra Evudætra  
lífvana og ástlausra  
til að leggja á minnið  
beinhvíta skugga  
útvistarbjöllur

tunglmyrkva  
beiska pilluna  
aftur á einstigið

A.3.

hengdu örlög  
hjáleiðir skynjunar  
kreplitar mea culpur  
brúður Krists krafсар í vegg  
hve langt  
er höndin skrifuð undir  
veröld lokuð framtíðinni  
varir þrísund reykelsi  
auto de fe  
fyrirmyndar fóstur  
ó-kenndu mína atburðar  
vömb, bókasafn, kuðunga  
hús bergmála  
segul drauga  
boðun trúarinnar  
þú án þín  
þetta langt  
& ekki lengra

A.4.

Ennfremur ræð ég ekki  
stýrt að þessari kátu gröf  
eftirlíking eftirlíkingarinnar  
ósýnilegur ég, versta  
kona í heimi, Sor Juana Inés de la Cruz  
skurðgyðja  
vélmenni  
eða martröð –  
vildi að þú værir hér  
einn sauður til viðbótar í hjörð þína



meðan netið lokast um  
kyrrláta ókynja jómfú  
þungað ský  
líksmurt  
fer huldu höfði  
sjálfselskt  
snaran úr talnabandi  
jarðvarmaspjátrungur

B.1.

Hin Helga Sögn  
coincidentia oppositorum  
hvernig ofbeldisdýrkandi  
leður bitur  
öskju Pandóru  
samfagnaðu mér  
stoppaðu stamaðu  
freyddu löðri  
reyndu að hopa ekki  
hjartalaga hörpudiskur  
hóflaus af  
harmsins  
ákafa, íkveikju  
áhættu líkar  
ég, síst verðugur  
höfugs vanillu  
reyks rennur um greipar hennar.

B.2.

Ekki gleyma mér  
oflátungslega sæt  
alsæla hundeltir  
hjartað óareitt  
kúrbítsblómstur  
ögrandi

pan, mi bien  
brúðumaki  
kista bergmála  
blekbytta  
androgínu  
breytt í leikfang  
atkvæðin stjórnur  
fylgja  
diablo rómans  
fjötrar vel festir  
bleki, blökkum tárur  
röku frelsi  
holdsins silki  
hjartað skorið frá

B.3.

Besta stálið verður að herða  
í eldi  
contra  
eða amiga  
afbrot –  
iðrastu aldrei  
ögraðu til snertingar  
skekku  
poco  
greiða  
Olé  
til að loco loca þig sjálfan  
& líka kynmök  
sætan skáldskap  
auðsveipt holdið  
snýr svo þétt upp á  
ávallt ókunnugur  
ást með eldfimu  
bergmáli = rödd  
flæðir yfir á hjörunum

til að þeyta súkkulaðið þar til freyðir  
bál úr  
skít  
í svörtu bleki  
í ósýnilegu bleki

#### B.4.

Það sem ég vildi ekki inn fyrir mínar varir  
ef allir hlutar líkama míns væru  
tungur  
villancicos  
lofthræðsla  
púðurþykkur rómurinn  
formar –  
morðið þitt  
yndi morðsins  
án syndar –  
sá syndina  
vefa fjarstæðusilki úr þér  
skynlausan vafasaman vökva  
húmor hafðu kjark til að stíga í veg fyrir  
spurningarmerkið  
settir úr skorðum  
frummyndasigrar

#### C.1.

snúðu tíma  
skopparakringlum  
samkvæmið & klefinn  
Katrínarhjóls  
sektarlausu gleði  
smásjár fianchetto  
vor frú af Guadalupe  
sver við forhúð Krists  
vekið hina dauðu & giftið þá

hinum afþekktu  
gegnum sjónauka hennar  
tíundu músu  
fyrir þig sjálfan  
sem gerir það sem þú átt ekki að gera

## C.2.

stjörnur lítil orð  
gróðurhúsagriplur  
jaðarkringumstæður  
átóðir kalkúnar  
Guadalúpínskrar  
vinkonu að eilífu  
hendur þínar þýða mig  
vamos, muchacha  
no solo  
segðu þú sért ekki mín  
tvö höfuð á einum hálsi  
það sem við náum að kroppa  
af krafti sagnarinnar  
að vona er sárt

## C.3.

vertu þitt eigið líffæri  
göldrótt torg  
draga aukanúmer spegils í efa  
alfraeðiorðabækur, sólsjár, stjörnusjár, kviksjár  
brjálun að vona  
af fúsum og frjálsum vilja  
frelsi  
líflegur jafningi  
í hverri  
í hverri  
Látum sem ég sé hommi  
spennandi jöfn uppreisn

gleður fyrirskipun  
með hvaða rökum?  
hvað er það?  
hvernig er það?  
alltaf óboðinn  
Íkarus  
mannlegur, alltof mannlegur  
skapraunar þér  
ástin möguleg  
með heykvísl  
þær drepa bara eigendur sínar.

#### C.4.

Tjarnarkólfur Liljur  
engin ásthelti  
hjartalaga munnur  
fáðu þér endilega meira súkkulaði  
gagnsæjar líkingar stjórnmálamanna  
óendurgoldnar  
gleypi eggjaskurnina  
til að friða óvininn  
skrásetningarhjartað  
furðuverkið er hljóð  
ljóssins api  
stríðsmaður þráar  
tékkadáði  
augun geta heyrt  
hvernig heimurinn er gerður  
snupraður –  
haltu fast í hvert orð  
hvað get ég gert án þess að óttast?  
til að kunngerá eldinn –  
„heimurinn var fylltur birtu,  
og ég vaknaði“

## Haukur Már Helgason

### Spurningar og svör: Frelsandi heimilishvalveiðar

Fjölmargir aðilar hafa komið að máli við mig með það að markmiði að fræðast um heimilishvalveiðar, og því hef ég ákveðið að svara hér algengustu spurningunum.

#### 1. *Eru hvalveiðar hættulegt sport?*

Til að byrja með eru hvalveiðar alls ekki neitt sport. Hvalveiðar eru list. Líkt og gildir um bardagalistar er kjarni þeirra frelsandi, við hvalveiðar frelsast maður/kona frá sjálfum/sjálfri sér. En burtséð frá því, þá eru þær jú hættulegar. Lífið er hættulegt, hvalir eru stórir. En þeir sem haga sér viturlega eru líklegir til að lifa af sinn fyrsta hval. Þegar maður hefur einu sinni náð fullnaðartökum á hvalveiðilistinni, þá gleymir maður þeim aldrei.

Að því sögðu er ljóst að jafnvel reyndustu hvalveiðimenn geta orðið leti sinni, sinnuleysi eða vananum að bráð. Engir tveir hvalir eru eins, hvorki sem líf eða bráð.

#### 2. *Þarf maður ekki stóran bát til að stunda hvalveiðar?*

Nei! Það er nákvæmlega þetta sem heimilishvalveiðar snúast um, frelsandi hvalveiðar. Það er ekkert sameiginlegt með heimilishvalveiðum og þeim fávísu iðnaðarbestium sem stunda hvalveiðar sínar á risastórum skipum og framleiða hval eins og hverja aðra verksmiðjuvöru, firrtir sjálfum sér, firrtir lífinu og firrtir hvalnum á eina höndina og einkahvalveiðum á hina. Sú staðreynd að hvorutveggja er kallað hvalveiðar, er einfaldlega ómerkileg tilviljun.

Heimilishvalveiðimaður getur notast við bát eða sleppt því. Lengra komnir hvalveiðimenn synda á eftir bráð sinni. Það þarf vart að taka fram að ekki er mælt með þessari aðferð fyrir byrjendur. En enginn sannur hvalveiðimaður lætur grípa sig á bát sem er lengri en 3,5 metrar, né heldur notast hann við utanborðsmótor við siglingu bátsins. Eftirfarandi er nauðsynlegt að hafa:

Þekkingu á mökunarsvæðum hvalatorfa.

Hæfileika til að herma eftir ástarsöngvum þeirra. (Takið eftir að fyrstu

tvö atriðin á listanum hafa með þekkingu eða verksvit aðgera. Þetta er engin tilviljun. Mikilvægustu atriðin við hvalveiðar liggja innra með manni, ekki „þarna úti“.)

Dráttartog sem haldið getur 2-20 tonnum, eftir hvalategund (og getu hvalveiðimannsins). Að minnsta kosti 200 metra löng -- hafið hugfast, þið viljið ekki hverfa niður með hvalnum.

Beita: Fiskur, slóg eða minni hvalur en sá sem á að veiða.

Sverð.

Ekki er óheyrnt að hvalveiðimenn taki með sér talstöð eða farsíma, til öryggis, auk annars búnaðar af svipuðum meiði: blístru, björgunarvesti, o.s.frv. Ég er nauðbeygður til að sýna þessu skilning hvað varðar byrjendur og viðvaninga, en hafið í huga að slíkar varúðarráðstafanir munu halda aftur af getu ykkur og fyrr eða síðar mun reynast nauðsynlegt að sleppa þeim.

### 3. *Finnast kvenkyns hvalveiðimenn?*

Hugsanlega, já.

### 4. *Finnst nokkurs staðar samfélag hvalveiðimanna?*

Nei, né getur slíkt orðið til. Hvalveiðimaður er karl (eða kona) einn og afskiptur. Hvalveiðimenn hittast ekki, þeir rekast á hver annan.

### 5. *Hvernig nákvæmlega fara hvalveiðarnar fram (með ofangreindum búnaði)?*

Róið. Staðnæmist. Tælið hvalinn til ykkar með söngi og beitu. Gælið við hann. Læðið tauginni um sporðinn á honum, eða aðra framstæða hluta hans. Stingið hann með sverðinu. Hann deyr ekki við fyrstu stungu, hann tryllist. Haldið ykkur fast í bátinn. Hvað sem gerist, haldið ykkur í bátinn, hvalurinn mun þreytast og tapar vonandi orku eftir því sem honum blæðir út. Þegar hann róast aftur skuluð þið nálgast hann að nýju (eða, ef þið kjósið þokkafullu aðferðina, þá lokkið hann aftur til ykkar), gælið við hann og stingið hann. Endurtakið þetta eins oft og nauðsyn krefur, við allar eðlilegar aðstæður, þó það fari eftir stærð og aldri hvalsins, mun hann deyja innan við 12 tímum eftir að honum er veitt fyrsta sárið. Dragið hvalinn að ströndu (nei, hvalir sökkva ekki þegar þeir deyja, þeir fljóta).

6. *Hver er uppruni frelsandi hvalveiða? Eru einhver söguleg tengsl við ródeóið, eða þarna spænsku íþróttina með nautunum?*

Frelsandi hvalveiðar eiga uppruna sinn í fornri visku Eddukvæða. Þær hafa nýlega verið lífgaðar við af meistara Þórbergi Þórðarsyni, sem stundaði hvalveiðar sínar nakinn og bátslaus á miðri 20. öldinni, og náði fullkomnun í þokka og tækni, að ekki sé minnst á algjerri frelsun. Þar til á síðari hluta tíunda áratugarins stunduðu Íslendingar hvalveiðar sínar í laumi. En í dag, eftir því sem listin nær fótfestu víðar í heiminum, líkt og eldur í sinu, gerist þess ekki lengur þörf, við fögnum hvalveiðunum opinskátt og tökum fullan þátt í þessari æðstu andans list, og höfum boðið gervöllu mannkyni með í leikinn.

Það eru engin þekkt söguleg tengsl við aðrar mannsins iðjur, þó við viðurkennum fúslega að yfirborðsleg líkindi séu með hvalveiðunum og einstaka annarri iðju. Naut eru samt talsvert minni dýr en hvalir.

7. *Hvalir eru ekki fiskar, er það?*

Nei, en við viðurkennum fúslega að yfirborðsleg líkindi eru með hvölum og fiskum. Hvalir eru meðal gáfuðustu og þokkafyllstu spendýra jarðarinnar, sumir vilja jafnvel meina að þeir séu gáfaðri en menn. Í því má finna reisin listar okkar.

Þá er það ekki fleira í dag, geri ég ráð fyrir. Ísland vann Ítalíu 2-0 í vináttuleik í fótbolta rétt í þessu. He he he!



## Craig Dworkin

### úr *Beinagrind minnisins*

#### I.

Heil lest, það rignir; hún getur farið í ferðalag. Veik, hún brosir, og það sléttist úr svölu sári okkar mót framtíðinni, óhjávæmilega bleikri (dögun dregin niður). Hvernig vitum við hvenær við erum reiðubúin til að vera tilbúin, eða að það sé „eitthvað“ til staðar til að skilja við? Peli undir sand, sekkur. Með hrinum í kerfi til að skipa viðburðum í frásagnarspildu sem leyfir okkur að melta margbreytileika framkvæmdar og vensla. *One potato*. Hinn gefni efniviður endursamansettur, líkið undurfagurt. Víxlun sefar, yfirfarin brú. Línur lagðar til að leiða eld að hleðslu. Lausn byggingarlistarinnar á gólfvandamáli. Gaddóttur, hnullungur. Munurinn á lausu máli og loforði er innsetning egósins. Það er framkvæmt með því að miðja tönn og velja hreina innsetningu sem kemur síðar. Sóðaskapur úr tlimum. Líkt örlæti, ekki þolgæði (þolir drykk). Heflar hreyfast yfir eikarverk, svelgir af sneflum. Er endi eða erindi. Í ótímabærum flýti og með því að setja fram falskar kærur. Stigstærðir frá leysandi til laugandi. „A lot of rummage in a little room.“ Baugar eftir bletti. Þú ert í fyrsta þennan morgun. Skottandi, ramlandi, og broddskjóða. Að hefjast handa við að setja líf mitt saman á ný, þar sem „að baki“ er líkamans frekar en tímans. Farandverkamaður, ágræddur. Vandamálasögur (frásagnarfatlaðar). Það er framkvæmt þegar tannstöngli stungið í miðjuna hreinsa út komu. Satín kvalið. Fyrsta hland morgunsins. Scotia, scilicet. Þverbitar úr hestvagni tvískipta. Laufum rignir eina stund, sólskinið skúlptúrar meitilsins leiftur (er þvaghraði). Gjaldeyrir, reyndur. „Batna“ fyrir „lina.“ Kápa til hlífðar með tærum blettum blottuð. Úllen, dúlla. Elskar mig ekki. Satang. „Dry stand pipe.“ Braka, fjötra og splæsa. Skáskýst þvíverr. Hljóðið skoppaði og gall frá teinunum, uppflosnað. Í örugga fjarlægð og allir í skjól. ‘Trane fer eina stund, Miles yfirgefur Chicago. Ígróinn, í rafgulum loðbrókum. Hliðra, safnþró, hliðarspor. Kreist úr satínlíki. Tíu mögnuðustu orrustur allra tíma, sem allir skólastrákar þekkja. Urð nærri hælum. Opinberunarpúl. Öldur úr röð. Aðdáun, flekun, brottvísun, frávísun, aðdróttun, dömpun, ásökun, afplánun, almínnkun, endurnýjun. Það kemur út svo að miðjan er hrein lega búin að vera. Skrifar Marx: „Diese verfluchten falschen Rechnungen soll der Teufel holen. Aber never mind. Commençons de nouveau.“

Stekkur fram á vettvang. Skorinn, kannski einu sinni hnýttur og hýddur. Rimbaud myndi skrifa „and I railed against her.“ Svekk, túr, síðu ríkt. Leggur fyrir gífuryrði, sá ég. Straumar réna síderískt. Vökuhraður. Heylest yfirgefur Chicago á 60 m/klst hraða. „Endalok skilaboðanna.“ Heldur ólíkt þreytandi sífrinu úr Twain. Álag úr tröppunni niður. Um það bil tvo mánuði eða þar til efsta lagið brúnast. Það er tilbúið þegar tannstöngull sem stungið er í miðjuna kemur hreinn út. Marks skrifar.

Shanna Compton

**Undir þessari regnhlíf er önnur regnhlíf**

Það var rigning & þau stóðu saman  
undir strætóskýlinu þó hún héldi  
á doppóttri regnhlíf sem enn var  
opin & það draup af henni. Hann hugsaði,  
ég þori að veðja að undir pilsinu hennar er  
annað pils, eins konar millipils  
& svo undirkjöll & nælonsokkar  
festir með sokkabandi með sveigjanlegum  
hnöppum & gúmmihöldum innundir  
mittisteygjunni & undir kápunni  
hennar er peysa & svo  
skyrta & svo nærskyrta  
& svo brjóstahöld & svo  
heldur betur  
nokkuð.

## Lars Mikael Raattamaa

### Ég er Gertrude Stein

Ég er líka Gertrude Stein. Því trúðuð þið ekki!  
Hóhó, Billy Bob, þessu trúðirðu ekki  
upp á mig. En ég á heimsins fallegustu  
slönguskinnstígvél. Og ég keypti þau í Oklahoma City.  
Nálægt Cattleman's Café. Með hráskinnstyrktum sóla.

Híhí Sharon Stone. Hér sérð þú aðra  
Gertrude Stein. Á fullri ferð eftir route 666.  
Með lögguna á hælunum. Húpp. Fór víst  
aðeins of hratt þarna. En, en. Ég sem vil ná  
til Monument Valley fyrir myrkur. 200  
dollarar. Og þú, þú verður líklega að gista í Kayenta  
næturlangt. Í úrannámunum.

Jájáégmeina, ég er reyndar Gertrude Stein ég líka.  
Hehe, Miss Richards, Talaðu um fyrir mér. Segðu sannleikann  
nú, svona rétt einu sinni. Vissir þú að Louisiana lá  
í Missouri. Nja, það datt mér í hug. En jafnvel þó  
ég þyrfti að taka krók á leið mína þá var ég á staðnum þegar  
Mississippi fór á kaf. Strax við Hannibal með  
hvítu girðingunni. Og low-ridernum. Bajito Onda.

Stórkostlegt. Það er jú ég sem er líka Gertrude  
Stein. Vissir þú það fyrir, herra Pitt. Jasvo, jáen,  
jápannigsko. Og ég sem ... En það er samt alveg stórkostlegt.  
Svo margir Bandaríkjamenn. Í leirnum. Getum við ekki öll verið  
Gertrude Stein. Bara í smá stund. Hírr hírr. Hrekkja.  
Svo syngjum við öll saman: „By the time I get to Phoenix ...“

Vito Acconci

**LESTU ÞETTA ORÐ**

LESTU ÞETTA ORÐ LESTU SÍÐAN ÞETTA ORÐ OG LESTU ÞETTA ORÐ  
NÆST LESTU ÞETTA ORÐ NÚNA SJÁÐU EITT ORÐ SJÁÐU EITT ORÐ  
NÆST SJÁÐU EITT ORÐ NÚNA OG SJÁÐU SÍÐAN EITT ORÐ AFTUR LÍTTU  
Á ÞRJÚ ORÐ HÉRNA LÍTTU Á ÞRJÚ ORÐ NÚNA LÍTTU Á ÞRJÚ ORÐ NÚNA  
LÍKA MEÐTAKTU FIMM ORÐ AFTUR MEÐTAKTU FIMM ORÐ OG  
MEÐTAKTU ÞANNIG FIMM ORÐ GERÐU ÞAÐ NÚNA SJÁÐU ÞESSI ORÐ  
GJÓAÐU AUGUNUM AÐ ÞEIM GJÓAÐU AUGUNUM AÐ ÞESSUM ORÐUM  
GJÓAÐU ÞEIM AÐ ÞESSU GJÓI HAFÐU ÞESSA LÍNU Í AUGSÝN HAFÐU  
ÞESSA Í ANNARRI AUGSÝN OG Í ÞRIÐJU AUGSÝN SKALTU KOMA AUGA  
Á SJÖ LÍNUR Í EINU SVO TVISVAR SVO ÞRISVAR SVO FJÓRUM SINNUM  
FIMM SEX SJÖ ÁTTA SKIPTI

## K. Silem Mohammad

### *Djöfladrengur*

ritgerðin sem ég á að vera að skrifa  
er kritísk analýsa á leikriti Shakespeares  
Ég vil ekki flytja til New Jersey og hvar er osturinn

Mike „djöfladrengur“ Barbier bíður í biðröð  
eftir samlokum með grilluðum osti og beikoni  
ekki ósvipað og kölski Miltons vill í stríð við Guð

í raun er hann El Diablo stóri dökki osturinn  
óseðjandi fígúra á vitsmunalegum villigötum  
sem hrynur „niður tíu þúsund faðma“

„Sófókles“ „Plíníus“] [„sannleikur“  
„samstaða“ „smáskeina“] [„ostur“ „súrefni“  
tilvist hlutar tjáð hugmynd

sex túpur af raksápu innihéldu núll paradís  
blautar eins og sundurtættur ostur  
maurar Japan maurar maurar Japan kakkalakki kakkalakkar kakkalakkar Japan

dót sem ég hugsa um  
verðmunur per únsu á milli almennra fjallasvæða  
við segjum að það hafi rotnað eins og ostur“

„ég veit að cool ranch eða nacho cheese  
eiga samt sem áður dirfskufullar rætur sínar  
að rekja til þessa sama firrta sagnfræðilíkans

stórkostleg samsetning  
eftirlætis persónan mín var hákarlinn  
ertu að reyna að segja mér að það sé enginn ostur í Hringadróttinssögu

## MySpace er krípi

Og því hef ég komist að þeirri niðurstöðu að MySpace sé krípi.  
Þú spyrd þig kannski hvernig ég hafi komist að þessu.  
Nú, það skal ég segja þér.

Ég hef komist að því að fólk sem ég hef aldrei hitt veit hver ég er.  
Meira að segja ég hef látið gabbast til að búa til uppblásinn vin.  
Hvað halda þau að gerist?

Ég er magnaður gaur sem býr og heldur sig í Stokkhólmi, Svíþjóð.  
Ég er áreiðanlegasta manneskja sem ég þekki.  
Ég elska tónlist, ketti og ljósmyndun.

Ég á erfitt með að taka ákvarðanir. Ég hlusta á Bob Dylan.  
Ég hef uppi áform um að losna við miðvesturríkjahreiminn bráðum.  
Það sem ég á erfiðast með að fatta í heiminum er NASCAR.

GRRRRRRR, *hallóóóóóóó.*

Ég er gluggagægir  
og skammast mín ekkert.

Þú ert lífvera sem varst sköpuð til að hljóta ást og umhyggju.  
Mér fannst bara að þú ættir að vita  
að í dag áttu afmæli

MySpace er krípi og fullt af myndum  
þar sem allir eru með sítt hár.  
Það er þetta sem ég er að meina!

Ein stelpa sem ég var að tala við  
reyndist vera 14  
eftir að hafa sagst vera 18.  
Ein stelpa sem ég var að tala við  
reyndist vera 15  
eftir að hafa sagst vera 19.

Ef þú ferð á síðuna og það stendur  
að hún sé 14,  
vertu rólegur, við höfum ekki misst vitið.

MySpace er krípí og skrítið.  
Ekki get ég ímyndað mér hvernig þeir ætla að fara að því að laga þetta.  
Ég skil ekki hvers vegna ég get ekki eytt því.

Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að MySpace sé krípí  
og ég kann ekki lengur við það.  
Ég ætti ekki að eyða tíma mínum í MySpace.

Ég ætti alls ekki að fara á MySpace.  
Því að MySpace er krípí og gerir mig leiðan.  
MySpace gerir mig krípí.

Ég hjarta hópsex.  
*Flutghesticn.*  
Ég stafsetti þetta vitlaust.

Ég ýtti á backspace takkann rétt í þessu.  
Það sást bara í augnablik.  
MySpace er skrítið þannig.



Frank Bidart

**Sekur um ryk**

*upp eða niður úr óendanlegri M I Ð S T Ö Ð  
B A R M A F U L L U R við deplandi brun tímans*

*sagði röddin í höfði mér:*

ÁSTIN ER FJARLÆGÐIN  
MILLI ÞÍN OG ÞESS SEM ÞÚ ELSKAR

ÞAÐ SEM ÞÚ ELSKAR ER HLUTSKIPTI ÞITT

\*

*þá sá ég skruðgöngu ásta minna*

*þessa SKEMMTIKRAFTA grínista leikara söngvara*

*gleyminn á mitt eigið sjálf svo oft ég  
þráði að deyja sjálfur til að lifa í þeim*

*þvínæst FORELDRUM mínum VINUM mínum þurrausnum  
VOFUNUM sem eitt sinn voru fullar ráðþota og hamslausri ást*

*ást og sekt og bræði og  
elskulegheit í garð þess sem*

*naglvofa þráir að snúa til jarðar*

\*

*þá sagði röddin í höfði mér*

HVORT SEM ÞÚ ELSKAR ÞAÐ SEM ÞÚ ELSKAR

EDA LIFIR AFSKIPTUR Í LÁTLAUSRI  
UPPREISN GEGN ÞVI

ER ÞAÐ SEM ÞÚ ELSKAR HLUTSKIPTI ÞITT

## Rita Dahl

### Helvíti

Ápreifanleg stromplík bygging, þar sem samtals eru níu færslur. Helvíti þýðir að allt er endurtekið,

ekkert færirst áfram. Helvíti er frosið.

Hvað verður af öllum feitu átvöglunum þegar þau andast?

Helvíti er sloppið, mjög algeng spennumynd, úr ógæfusálunum flæddu kristalar, og þær tókust í hendur.

Kannski er helvíti fallett eftir allt saman. Mikið helvíti! Með árunum hef ég komist að þeirri niðurstöðu

að í þessu landi finnst ekkert réttlæti. Dyrabjallan hringir. Í dyrunum eru tveir

snyrtilega klæddir mormónar. Helvíti er frosið á jörðu niðri.

Kommentahlutinn bilaði á sama tíma. Helvíti í fjölskyldunni eða á himnum, á hvorum staðnum

ætla þú að eyða þinni eilífð? Ég hef reynt að þola mig sjálfa og skilja, hví ég girnist hið ófáanlega

í skutinn. Sannkallað andkapitalískt helvíti hefur sloppið laust. Hvað gerist eftir þetta?

Við fórnudum sex flöskum, ekkert gerðist og útsendingartímann þarf að fylla.

Mundu að fyrir grunnmasókistanum er himnaríki helvíti. Er helvíti kaldur eða heitur staður?

Ef helvíti er fullt, verður maður að standa upp og bíða síns tíma. Hvað gengur að þér?

Veistu það ekki? Ef að helvíti er frosið, hefur Finnland unnið Júróvisjón.

damien lopes

**ósaga: ágríp**

sögumaðurinn sem kallast höfundurinn er persóna í sögunni sem segir að hann sé að skrifa. hann skrifar til annarrar persónu sem kallast lesandinn en er ekki lesandinn þó hún lesi það sem sögumaðurinn skrifar fyrir hana.

sögumaðurinn er ekki höfundurinn.

sögumaðurinn skrifar sögu með sögumanni sem skrifar sögu um sögumann sem skrifar sögu fyrir aðra persónu til annarrar persónu sem er ástúðlega kölluð lesandinn.

allar sögur eru tilviljanakenndar. öll líkindi eru skálduð.

## requiem fyrir avant-gardið

tólf hvítir menn í skipulagðri röð standa á fánýtum pöbb til að kasta upp vandlega æfðum dada mótmælavarningi. frumöskur fyrirlitlegra villimanna í hlutlausri zurich bjóða grimmd brjálaðrar veraldar birginn með afrískum töktum sem einhver hefur ímyndað sér yfir bjórkrús, í kringum mannfall nýlenduherja. þetta er ekki aukin krafa um andlist vandlega skjalfest & varðveitt heldur öskur valdlausra manna sem blætisgera myndir af mikilfengleika & frelsi á svartari bökum í þessu eyðileikherbergi avant-mortsins. corpus uppgrafinn án tilhugsunar um fórn.

Jelaluddin Rumi

**Listin sem daður og uppgjöf**

Í ljósi þínu læri ég að elska.  
Í fegurð þinni, læri ég að ljóða.  
Þú dansar í brjósti mér,  
þar sem engin sér þig,  
nema einstaka sinnum ég,  
og sú sjón verður að þessari list.

## Rachel Levitsky

### úr Nágranni

NÁGRANNI er löng síða  
um nágrannann.

Af hverju það heitir játning

Eða hvort það er í raun og veru nágranni minn.  
Eða hvað ég er.

Ég byrjaði að skrifa hana fyrir ári. Síðastliðnir sex mánuðir eru allir í höfði mér, en þar eru margir fletir. Vandamálið sem ég stend frammi fyrir er hvort fletirnir eru tengdir eða hvort þeir eru yfir höfuð fletir. Flötur myndi fela í sér stykki í sameinuðum strúktúr. Hýsta einingu úr ótengdum hlutum. Með hverju? Ríkinu eða mér.

Eða ef ég er ríkið.

Ég er safn af þrám  
ótryggilega hýst,  
(tryggilega numinn).

Og svo er nágranni.  
Og síðan er nágranni minn.

Í bókinni sem kallast „Er nágranni minn“ er ég viðfang sambandsins sem ég er í en sem ég held mig sömuleiðis fjarri. Fjarlægð milli veggja eða flata.

Fjarlægðin er lén mitt. Ég deili því.

Ég deili því með éginu í mér sem ég er meðvituð um. Þegar ég játa, geri ég þessa fjarlægð. Ég skrifaði næstum því rof en það er ekki rof, það hefði verið stafsetningarvilla. Rof er það sem ég skapa þegar ég er ekki meðvituð um égið sem ég er meðvituð um.

Rof er hluturinn sem ég skapa þegar ég elska.



Ást er flóknari hlutur þegar um er að ræða nágranna minn. Nágranni minn er brjáláður, þó hann hafi mjög svo helgað sig lífsrökunum, og nú því að vera góð móðir. Hvers vegna segi ég þá, hún er brjáluð. Brjálæði verandi jafnan það nafn sem við gefum þeim sem hafna þessum rökum.

Ást er flókin hlutur þegar um er að ræða nágranna minn. Hver veit að ég hef hafnað honum margoft, hverjum hef ég undanfarið verið óskiljanlega indæl.

En ég elska nágranna minn. Það er ég viss um.  
Ég elska nándina sætta // fjarlægðina / við  
samvinnu/samstyrkjum.

Ég skrifaði fjarlægð ekki rof.  
Við festum aldrei/til að byrja með.

Ég er strax farin að segja ykkur frá nágrannanum. Í dag spurði hann mig hvert ég væri að fara og var með lúmskan svip í auganu eins og hann vildi segja, hvaða óþekkt er þú í kvöld.

Áður en ég afvegaleiðist, ég afvegaleiðist auðveldlega, mun ég reyna að tala um þetta verkefni af því það er þörf fyrir það í augnablikinu að maður skrifi ákveðnar í hið pólitíska samhengi:

Ég er í Bandaríkjunum, sem kalla sig Ameríku. Bandaríkjamenn eru þekktir sem Amerikanar, og Kanadamenn Kanadamenn, Mexíkanar Mexíkanar.

Ég verð að skrifa beint á þessa síðu / mig langar að segja tala en ég er að skrifa/ sem Bandaríkína. Því að /ég/sem rithöfundur/það er meira aðlaðandi

að hantera sjálfa mig/sem objekt (en sem subjekt)  
því að ég sem subjekt/verkefnið/myndi vera

æviminning, eða bók af þælingum og  
þær eru leiðinlegar!

Ég hef ákveðið að nota þráhyggju mína í garð nágranna míns sem grunn fyrir

umræðu um ríkið, en ég játa/þetta er ekki það eina sem mig langar.

---

Já, ég ríð nágranna mínum/t.d.

(forvitni/trúlofaður/ekki núna/slátra/  
hvort öðru/ekki augliti/til auglitis/milli veggjanna)

---

Þegar hún kemur inn í íbúðina mína og stelur frá mér/klaga ég hana til löggunnar.  
Hvorki lögreglunni né mér er sama hvort við grípum/hvorki lögreglan né ég vil að hún fari í steininn.

Það sem við þekkjum/það sem við vitum ekki.  
Það sem við vitum ekki/það sem við byggjum á milli okkar.

---

Raunar talar hann mjög hátt út í nóttina. Í símann. Þegar hann hrýtur ekki.

Það er almennt hættuástand. Stríðið við hina úr flugvélunum úr búðinni okkar.  
Nágranninn, kannski myndi henni vilja standa á sama en hér er barnið hennar.  
Hún sér bara það. Sem hefur gert hana. Kraftaverkið mitt segir hún, ég syng fyrir hann. Hann er

minn eini söngur.

Það er eitthvað. Ég er aktivistinn sem hringir í nágrannann hey glugginn minn er brotinn gætirðu lækkað róminn. En myndi reyna að trufla ekki hrotturnar. Það er verkefni fyrir elskhuga hans, sem er við hinn enda símans.

Geta þau gert eitthvað að því fólkið í landinu sem við erum að sprengja. Getum við gert eitthvað í því fólkið í þessu sem sprengir.

Einhver segir allsherjarverkfall þar er nú almennileg hugmynd.

Myndi móðirin syngjandi vera með í því verkfalli. Sprengd börn eru langt í burtu og kannski geta þau gert eitthvað í því. Myndi hún verkfella barnið sitt. Um nætur hagar kötturinn sér eins og hundur.

Eitthvað segir mér að ég hafi verið of lengi á fótum.

Þessi flöskusafnari er vandlátur með svarta ruslapoka dreifða vítt um gangstéttina.

Baulið er hætt. Hefur hún farið burt. Hefur hann hætt að drekka. Fékk hann vinnu. Er það strákur er það stelpa. Er það í landinu sem sprengir eða því sem er sprengt. Eða hinu.

Þegar hann bankar á dyrnar er hann ekki sérlega eðlilegur. Pabbi hans myndi ekki gera það svona.

Þau sakna mín, þau voru að tala um mig.

Ég á ekki við að það geri mig raunverulega.

Ég sakna klúra nágranna míns.

Hann var hljóður svo ég svaf vel eftir að ég var þreytt. Ég á við að ég notaði ekki mörg lyf.

Þess vegna nú í morgun myndi ég vilja vínglas, en ég fresta, til vinnu. Ég er með vinnu sem gerir hann líka alveg æfan. Kjóllinn minn, sýndarmennskan. Hann veit það, hann heyrir í mér, telur mig vera þann háværa.

Það gerir hún líka. Sem lítur aftur fyrir sig til að sjá hver hefur heyrt í mér. Segðu það sem ég sagði við hana, því það var píka eða typpi, í sögunni, já, þessari um stelpuna sem slítur út fullkomlega hæfum typpum.

Eða var það í hinu samtalinu mínu.

Í dag hefur nágranninn gleymt hvað ég heiti.

Á meðan við riðum.

Ég held að við höfum verið að því.

Hann kallaði mig eitthvað.

Kennara.

Elskuna. Nei, kennara.

Ákveddu þig.

Og hraut svo dálítið meira. Ég gat ekki þolað þetta ég æpti út um gluggann ...  
Plís!

Á þakinu, honum er í nöp við mig líka, þegar ég er á þakinu. Samt kynnum við.

Við lyktum bæði af gufunum og erum bæði dálítið taugaóstyrk.

Ég vildi faðma hana ég meina ég gerði það.

Ég fæ undarlega tilfinningu af því enn í dag.

Frá mér vill hann bara peninga. Lögsókn. Af því grindverkið mitt féll á hausinn á honum.

En svo játa ég að það var saman sem við grétum/eitthvert væmið þjóðerni.

Að hann sé nágranni minn setur mig í yfirburðastöðu.

Að hann sé nágranni minn setur hann í yfirburðastöðu.

Er það bara minn komplex  
eða bara komplex.

Öskrin að neðan. Öskrandi heimilið er alltaf að neðan og alltaf. Ánægjuöskur. Ég hræði þau þegar ég fer þangað. En þau koma aftur og vilja meira.

Ég hef áhyggjur. Ég held að krakkarnir muni ekki muna eftir deginum sínum í sveitinni.

## Tom Leonard

### Fjögur konseptljóð

1.  
Hvernig – ef þá nokkuð – myndi Plató endurbæta *Ríkið* hefði hann vitað það sem við vitum nú um teygjanleika málmblána?

Skýrið með ákveðnum dæmum.

2.  
„Til andskotans með „takmarkaða efnisskrá“ – lítið bara á augabrúnirnar“ (Tom Leonard). Með hvaða hætti hefur hreyfiaflsfræði hins viðbótarmunnlega áhrif á stéttarhreimssamskipti?

Greinarmerkið svar yðar líkt og við á.

3.  
„Í öllum rannsóknaraðstæðum sem snúast um athuganda/athugaðan er lífsnauðsynlegt að eigindlegt mat verði ekki eins konar þjófnaður: þjófnaðurinn, frá hinum athugaða, á möguleikanum til að leggja mat á stærra samhengi þar sem athugandinn væri hluti þess sem lagt væri mat á.“

Hvernig sjáið þér sjálfan yður í samhengi þessa ljóðs – sem athuganda eða athugaðan? Svarið með línustrikaðri skýringarmynd.

4.  
„Vinsældir setningarinnar „Maður er maður í allt ‘etta“ í Skotlandi aukast í krafti þeirrar staðreyndar að æði margir skoskir karlmenn eru óvissir um kynferði sitt.“

Leggið mat á hlutverk hins gagnháða persónuleika í skoskum bókmenntum. Þér megið vísa til hlutverks hins háða persónuleika í írskum bókmenntum, ef þér kjósið að gera svo.

Hans Magnus Enzensberger

### **Fyrir lesanda sem stefnir að stúdentsprófi**

Ekki lesa hetjuljóð, drengur, lestu stundatöflur:  
þær eru nákvæmari. Sléttu úr sjókortunum  
áður en það er um seinan. Vertu á verði, ekki syngja.  
Sá dagur kemur að þeir hamra yfirlýsingar sínar  
aftur á dyrnar og auðkenna þá með sérstökum táknum  
sem segja nei. Lærðu þá list að þekkjast ekki,  
lærðu meira en ég nokkru sinni gerði: að breyta  
lögheimili, vegabréfi, andliti. Vertu  
lunkinn við smásvik og hversdagsins  
skítugu frávísanir. Dreifibréf  
duga vel til að kynda eldinn,  
manifestó: til að búa um smjörið og salt  
fyrir þá sem geta ekki varið sig. Bræði  
og þolinmæði eru nauðsynleg  
til að blása innum lungu valdsins  
banvænu rykinu  
hárfínt möluðu af þeim sem hafa lært býsn  
og nákvæmni, eins og þú.

*Ian Hamilton Finlay*

**Fyrsta súprematíska standljóðið**

hve blátt!  
hve langt!  
hve leitt!  
hve smátt!  
hve hvítt!

hve blátt?  
hve leitt?  
hve smátt?  
hve hvítt?  
hve langt?



## ÁN TITILS

Þér finnst allt allt vont en það á eftir að versna.

Þú heldur að þú sért gáfaður en það ertu ekki.

Þú heldur að þú sért áhugaverður en þú ert leiðinlegur.

Þú heldur að þú sért sætur en þú ert ljótur.

Þú heldur að þú sért ljúfur en þú ert grimmur.

Þú segist vera lagður í einelti en það ert þú sem leggur aðra í einelti.

Þú heldur að þú kunnir frönsku en þú kannt hana ekki.

Þú heldur að þú þroskist og verðir betri en þú lærir ekki neitt.

Þú segist vera ástfanginn en þú virkar ekki ástfanginn.

Þú heldur að þú eigir eftir að hressa þig við en hið gagnstæða er satt.

Þú segist elska börnin þín en það er bara kjaftæði.

Þú segist ætla að taka þér frí en þú átt enga frídaga eftir.

Þú segir að þér sé hótad en það ert þú sjálfur sem hótar.

Þú vonar að þú eigir eftir að þéna meiri peninga seinna meir en við vitum nú öll hvernig fer með það.

Þér finnst náttúran óhrein en allt á eftir að verða ennþá sóðalegra.

Þér finnst veröldin vera óréttlát en það er ekkert í samanburði við hvernig hún verður.

Þér finnst gatið á ósonlaginu vera stórt en það á eftir að verða ennþá stærra.

Þú heldur að þú sért gott skáld en það ertu ekki.

Þú segir að þú sért graður en það er bara ímyndun.

Þér finnst veðrið vera vont en það verður verra.

Þér finnst að nú sé mikill hryllingur og stríð í gangi en þetta er bara byrjunin.

Þér finnst þú ekki vera tiltakanlega feitur en það ertu.

Þú segist vera hamingjusamur en þú virkar ekki hamingjusamur.

Þú heldur að þú lifir en þú ert dauður.

Þú heldur að fólk fíli þig en það gerir það ekki.

Þú heldur að þú sért vel metinn starfskraftur en satt að segja ertu einskis virði.

Þú segir að aðrir séu árásgjarnir en það ert þú sem ert árásgjarn.

Þú heldur að þú sért kúl og kreisi en í sanni ertu feik.

Þú heldur að þú sért lærður og vitur og skrifir vel en í raun ertu fullkomlega óáhugaverður.

Caroline Bergvall

**Meiri gæludýr**

meiri – köttur

meiri – hundur hundur

meiri – hestur

meiri – rotta

meiri – kanarífugl

meiri – snákur

meiri – lubbi

meiri – kanína

meiri – skjaldbaka

meiri – skjaldböruköttur

meiri – skjaldbaka – meiri – katthundur

meiri – hundur – meiri – katthestur

meiri – hundur – minni – kattrotta

minni – lubbi – minni – hestur – meiri – rottukanarífugl

meiri – kanarífugl – minni – skjaldbaka – meiri – rottusnákur

meiri – kanarífugl – ekki – gullfiskur – minni – snákur – ekki – kattarlubbi

ekki – hundur – meiri – lubbi – minni – snákakanína

hundur – ekki – meiri – lubbi – ekki – skjaldbörukjaldbaka

ekki – skjaldbaka – plús – rottu kattchat  
plús – hundur – plús – rotta – pas – chat hundur  
meiri – lubbi – pas – chat – moins – chien hestur  
meiri – chat – plús – hestur – moins – chien – meiri – kanínurotta  
rotta – ekki – plús – hestur – meiri – lubbi – moins – kanaríkanarífugl  
rotta – ekki – mon – kanarífugl – meiri – ekki – kanínusnákur  
minni – dair – mon – kanarífugl – pas – dair – hundur – ekki –  
snákalubbi  
plús – kanína – plús – dair – monte – lapin – ekki – snákakanína  
plús – dair – kanínekkí – meiri – minni – skjaldbökuskjaldbaka

kanínekkí – kattekkí chatchat

kattekkí – ní – more – ní hundlaus hundur

a ní – meirköttur – hestcheval – ní – hundlaus

hestur

minniplús – eirotta – monlapin – hundlaus – hestcheval ekki

plúsekkí – ekkékkí – eirotta – gullfiskur – kankan kanarífugl

eiplús – snákekkí – moinsplus – kankan snákur

snákekkí – ekkubbi – minnkannaður hundalubbi

nonekkí – ekkubbi – kannkanína

eitt ei – tair – plús – kan – meiri – skjaldböku skjldbk

Christian Bök

úr *Kristallafræðinni*

YFIR DRYKKJUM EFTIR LOKUN  
OG ERFÍÐI YFIR DEMÖNTUM  
VEÐJADI SÉRFRÆÐINGUR Í  
GERÐ GERVIGIMSTEINA AÐ  
ENGINN GÆTI SAGT TIL UM  
HVOR TVEGGJA STEINA VÆRI  
SANNUR OG HVOR VÆRI PLAT

ÁN ÞESS AÐ  
NOTA  
KLÓRPLÖTU  
EDA LINSU

ENGINN GULLSMÍÐANNA  
VANN VEÐMÁLÍÐ ANNAR  
EN SÁ ÞEIRRA

SEM LÉT  
ÞÁ BÁÐA

FALLA  
OFAN  
Í GLAS

AF CRÈME  
DE MENTHE

SÁ SEM SÖKK  
HÆGAR VAR PLAT

e. e. cummings

**Vísunda-Villi er**

Vísunda-Villi er  
liðinn

hann átti það til að  
ríða vatnssléttum silfur

stóðhesti

og brjóta einatværrjárjórarfimm dúfurbarasvona

Jesús

hann var myndarlegur maður

en það sem ég vildi vita var

hvernig líkar þér við bláeygða piltinn þinn

Herra Dauði

Saul Williams

*úr , sagði haglabyssan við hausinn*

Guð er með hár  
á þíkunni  
og bíður  
eftir þér og brennur  
af frygð.



prins  
syngur um þjófa  
í musterinu

þú hringir í lækninn  
og kvartar  
yfir mígreni

hún hleður  
þremur blýtöflum  
í þriggja punda nál  
og spyr  
hvar þér sé illt

a. rawlings

úr *Víður lúr fyrir fiðrildafræðinga*

tilgreind komma, spurningarmerki? krufin komma? skjóta inn spurningarmerki, komma?

*Safnið, flokkið og rammið texta.*

*Hvernig sofnar texti?*

*Klípið merkingu milli morfems og fónems.*

*Hvernig étur textinn sjálfan sig?*

*Rennið merkingunni í umslag; geymið í kassa með merkingareyði.*

komma, spurningarmerki lífsýni? komma krufning? spurningarmerki, komma þverskurður?

tilgreind komma, spurningarmerki? krufin komma? skjóta inn spurningarmerki, komma?

*Þröngvið penna í gegnum líkama textans.*

*Þýðið texta samtímis til að hlykkja merkinguna. Pennið orð á rúmgöfl.  
Pennið anagröm á spegil.*

*Nælið orð nærri sérhljóðum til að forða frá tárur. Leggið pappír yfir orð svo liðist meðan þornar. Horfið á texta afliða hóm.*

*Setjið greinarmerki undir lampa til að auka heilindi.*

komma, spurningarmerki lífsýni? komma krufning? spurningarmerki, komma þverskurður?

Stephen Cain

**Eponymus/**

Við vaxbárum þau fast með gleraugnaslöngum  
Sóttreinsandi fjölleikahús  
Í nærfötum okkar úr Ajax

Hálfsjálfvirk fyrir fólkið  
Kapitalískir sjóræningjar drukknir  
af dýrð og gúmmíbjörnum

Skáldskaparfræði úr postulíni  
Æðri trönur  
Fljótandi úrdrættir:

Frosnir í J.K. sjálfsstellingunni.

## Rykkur

Sólin blikar á krómboddíum  
síðkapítalískra gondólanna  
þar sem þeir erfiða upp fjallið.  
Fjallið er nefnt í höfuðið  
á vörutegund. Listin hefur gert þetta  
að ófirrtu útsýni. Var það það sem  
við báðum hana um? Ef að „hver dagur virðist  
sem náttúruleg staðreynd“ og ef að „það sem við  
hugsum breytir því hvað við gerum“ ætti listin þá ekki  
að afhjúpa hugmyndafræði  
frekar en að taka hana upp?

Þessar gömlu hugsjónir, þær brenna upp  
Þessar gömlu hugsjónir, hvað láta þær ekki uppi?

Þú fékkst indælis gagnrýni  
og þú leist vel út, sexí  
í raun, það hvernig heimsmarkaðs-  
buxur þínar gætu hneykslað borgarastéttina  
til meðvitundar. En þessa dagana  
þrái ég ekki dulítið utangarðs  
til að kalla ættjörð, þó ég sé ekki mótfallinn  
góðri hönnun og finnist „verkamenn“  
(formbreyttur „múgur“) líka lifa  
utan gæsalappa  
í þessu „æðsta stigi“–  
en nú vil ég að ummyndun  
frekar en „formgerðaraðlögun“  
fylgi frumstæðri samsöfnun  
og slitnum mótsögnum. Ekki fleiri  
náttúrulegar staðreyndir („hnattvæðing er“).

En aftur að augnmiðuðum listum  
sem félagslegum gleraugum, listamanninum  
sem augnlækni. Ég vil sjá  
hin sönnu tengsl  
en þú ert í Nike-skóm og ég kann vel við þig  
og neyðist því til að reyna að skilja. Og ef  
þessi skyrta er frá The Gap, þá var önnur ermin saumuð  
í Malasíu, hin í Sri Lanka. Hvers vegna er þá  
erfitt að „sjá“ hugmyndafræðina þegar þú  
gengur í henni? Er hún „þarna úti“? Eða enn dýpra  
en jafnvel girndin kemst? Að skýrleikinn  
gæti kallað fram sögulega meðvitund  
er svo útötuð hugmynd að  
þú myndir ekki einu sinni bera kennsl  
á kunningja þína ef þú kæmist þangað. „Hey þú  
Louis!“ (Það er saga á bak við  
ósjálfræði, bræði, kaldhæðni).  
„Fólk hefur skoðanir / hvaðan  
koma þær?“ Hugsjónatrú mín er sú  
að söguleg meðvitund komi kannski til með að nást.  
Hnuggin vitræn kortlagning mín  
er sú að ofútskýrðar mótsagnir  
kalli ekki fram ný félagsleg tengsl.  
Ég vil list  
sem er flóknari en svo.

## Linh Dinh

### **Fjárfestingarráðgjöf**

Blikandi við sjónarrönd, reiðmennirnir fjórir  
ná brátt áfangastað. Settu allt þitt lausafé í  
bakaðar baunir, niðursoðinn túnfisk og sáraumbúðir.

Þegar almáttugur dollarinn er gufaður upp, mun enska  
konungsins skrælna. Kastaðu þess vegna ensku  
orðabókunum þínum, brenndu allar ensku bækurnar þínar.

## Fátækur og vitlaus

Ég má ekki borða kjötlokur, því kjötlokur eru of góðar fyrir mig. Ég má ekki borða ávexti eða grænmeti. Eða súkkulaði. Eða rjómaís. Ég ét linan kúk. Ég er fátækur og vitlaus. Mér hefur verið riðið, mörgum sinnum. Ég er í þessari tætingslegu, gömlu skyrtu, svo auðvitað fer ég hjá mér, en gallabuxurnar mínar eru splúnkunýjar, útvíðar að neðan. Sjáðu hérna: ég er með blekbeinagrind inni í eyranu, inni í munninum, innan á augnlokinu. Hvernig stendur á því að svona margir geta talað svona góða ensku, með fullkomna málfræði, og enga aðskotahluti, eins og til dæmis hvítkálsleifar, á milli þráðbeinna tannanna? Og hvernig getur hár þeirra lyktað svona vel? Og ég er fátækur og vitlaus?



Nico Vassilakis

**ritgerðarkrukkan**

Þessi fáeinu orð  
rétt ná niður á síðuna

og í ferlinu ná  
manneskjur að hreyfa hindranir

gleypa handfyllir  
af tuldri

gleypa handfyllir  
af blaðsneplum

missa áhugann

herbergisfylli af sömu manneskjunni  
í tveggjahæða kossafleinsi

fleirtölurnar nálgast  
þessa hugmynd um skriftir

festingarnar festa  
halda föstum festingunum

loftbólum barna  
sem þær framleiða sjálfar

trosnað bakbein librettó-líkans  
lýsir skugga manns

ærður áfengisfleygur  
stýrið talar við mig

lítið knippi af slíkum  
gera úr því stjörnu

neðrivarir  
þrungnar fingrum

diglandin –  
miðjan í tekexi

vélverk lífsins  
sjaldséð aldin hangir

úr vélverki lífsins  
leysir vandann

skuggamynd af vatnshönum  
sker hjá honum

hermaður sleppur undan honum  
með því að kasta ljósi yfir herbergið

hin fullkomna spegilmynd  
kokteilminnastafróf

hvernig opna ég  
þvert yfir borðið

Martin Glaz Serup

úr 4: ljóð

Ákvarðanir stjórnámálanna hafa áhrif á ástarlíf mitt  
*eins og ástarlíf stjórnámálanna hafa sannlega áhrif á pólitískar ákvarðanir þeirra*  
hafði ég næstum því skrifað en það er heldur barnalegt  
ég var annars á leiðinni í bólið og hef verið það lengi ég hangi ekki saman eins  
og maður segir  
ég þráast við að halda mér vakandi augnhárin klístrast  
ég hef það eins og barn sem hefur fengið leyfi til að vaka frameftir það er helgi  
þú ert löngu farin í bólið en mér finnst ég verða að fá eitthvað út úr tímanum  
enda þótt þetta sé merkileg hugsun: hvað ímynda ég mér eiginlega að ég geti  
fengið út úr honum?

ég verð að trúá að hlutirnir hangi saman  
það sem við sjáum koma fyrir getur alltaf líka komið fyrir okkur  
illt í augunum dagblaðið kuðlast í kjöltunni orðið *zapatista* og nafnið mitt  
einhvers staðar að  
*Martin* rykkir það í mig eins og krókur hafi náð taki ég slefa  
ðasaður fer ég í bólið þú sefur svo djúpt  
ég elska þig mikið og vil gjarnan að svo verði áfram  
þú átt líka alltaf að elska mig

Enn einni nauðgað og einni til og einni til og nú í Svíþjóð  
henni lukkaðist að stinga af út í vatnið synda  
skúrkarnir á skellinöðrunum svöluðu sér eftirá með því að stela farsímum og  
kreditkortum parsins  
og létu strákinn sitja með hendur bundnar fyrir aftan bak á bakaleiðinni  
þið eruð meiri andskotans fíflin

Hitabylgjan er með mesta móti um alla Evrópu bráðum byrjar að snjóa  
þeir senda stöðumælaverði á námskeið í sanngirni í „almennri siðsamlegri  
hegðun“

Frank Zappa segir við tónleikagesti undir lok sjöunda áratugarins að *Everybody*  
*in here is wearing a uniform and don't kid yourself*  
í bíósalnum á heimildarmyndinni um Noam Chomsky er að finna *aðdáendur*  
þeir æpa og kalla og klappa og flauta þeir ekki líka  
okkur langar að fara eða segja eitthvað en við stöldrum við  
eins og venjulega móðguð

Malte Persson

úr *Apolloverkefnið*

Næturnar eru oft stjörnu bjartar hér um slóðir. Þá sjáumst við vel frá himnum. Klúryrðum má skipta út fyrir stjörnur. Þegar barndómi er hrint af stað. Við stöndum við skúrin hjá vatninu. Það finnast ellefu ólíkar tegundir af ís: formgerðir kristallanna ráðast af þrýstingnum. Það kemur ekkert geimfar að sækja okkur. Við yfirgefum Spielberg-víddina.

Skógur og eldspýtustokkur –  
hvar er sögnin?

Við skerum upp dagsetningarnar  
í tímaröð.

Það er skrifað með banvænu letri  
eins konar þyngra Times,  
blýmótin eru snöggframleidd  
í hjörtum stjórnámanna.  
Björgunarsveitin sagar sér nú leið  
í gegnum húðina.



Papírussefið. Bókasafnið. Papírussefið. Bókasafnið. Papírussefið. Stjarnvísindin.  
Papírussefið. Líffærafræðin. Hann vaknaði (...) og fór til Egyptalands. Papírus.  
Við stendur Mare Imbrium: svo mörg gögn. Hieroglífur fótspora okkar eru  
skrásettar hér. Sandurinn er æðri gagnageymsla. Sandurinn (...) flæðir milli  
fingra, blæs upp í augu, svo langt teygir eyðimörkin anga sína. Bókasafnið.  
Stjarnvísindin spegilmynd í augum okkar. Stjarna vætlar gegnum augnglerið.  
Eins og horfinn gullhringur glitrar hún á botni sjáaldurs. Þessa tjörn þorum við  
börnin ekki að nálgast. Þar sem papírussefið. Þar sem bókasafnið opnast í átt að  
bókasafninu. Þar sem öllum orðum má skipta út fyrir stjörnur.

Anna Hallberg

**velferðarfulltrúarnir**

Stjörnuskrufjárníð sem trúarleg tilraun.

Svona segirðu bara.

Strikin í malbikinu líkjast æsku minni.

Það finnst hungur handan hins lokaða munns, tennurnar vafðar um ósoðið egg.

„Mamma mín“ er ekki „Mamma mín“ lengur.

Það veit ég ekki.

Fjöldi mótanna í ferkílómeters laufskóg.

(eins og í sirkus.)

Hinn fullkomni framburður bókstafsins „O“.

Þetta hræðist þú. Nema öfugt. Í annað skipti.

Ég treysti ekki á sólarhitann.

Nú sem dæmi, lyfti ég höndunum og líkist svani.

Þetta var nú skemmtilegt?

Hlutirnir sem vafðir eru í dagblaðapappír.

*Laganna englar.*

Samt tölum við þú reyndar enn saman.

Ef þú ert með kjöl ertu bók.

Litlir nellikuþyrnar, í appelsínunum, stemningunni.

Ojoj, litli grís.

Niiii, ni . . .

Hlutirnir varða líka hver annan.

Gúmmístígvélin mín. Krókódílarnir.

Maður getur líka sagt Satan.

*Svona.*

Altso munt þú yfirgefa mig.

Að sumu leyti vantar þolmyndarsetninguna germyndarfrumlag.

Ólífuolía er góð.

Hvers vegna ekki?

(„Hljóðara: „–Það var hola í þeim, það var . . .““)

Hann lítur ekki beinlínis út eins og neinn tennisleikari.

Í Svíþjóð látast 3.000 manns á ári af slysförum.

Og svo ódýrt.

Viðurkenning fyrir vinnu sína er upphaf og endir alls.

Afsakið, en nú held ég að þú sitjir í mínu sæti.

Æ, svo brjáláð!

Heldur þú að maður muni að toga í þennan þarna streng?

Maður er jú ekki nema manneskja.

Þetta gamla venjulega.

Ööö-Öo Ööö-O!

Svooonna já. Svooonna já.

Þetta er ekki svo heimskulegt.

Kynlíf er ekki svo mikilvægt, þrátt fyrir allt, þegar allt kemur til alls.

Ég man ekki hvað það var sem ég ætlaði að fá.

Sjampó?

Ljós litbrigði klæða hana betur.

Ég elska þig. Það er einfalt.

Það sér maður í sjáöldrunum.

Uppsagnargreiðsla.

Það grætir mig í hel þegar þú segir svona.

Hvað eigum við að gera? Horfa á sjónvarpið?

Ég meina þetta reyndar af fullri alvöru nú.

Yfirborð eru til merkis um ást.

Maður verður að setja sig í spor barnsins.

Beinn saumur eða síkksakk?

Til lengri tíma litið.

Ég á bara við að það er ástæðulaust að taka þessu svona alvarlega.



Án samsvarandi merkingaráreitis.

Það er fallett.

Per-cop-si-form-es.

Vöðvakrampar og nærvera eru sami hluturinn.

Svo sjáumst við á þriðjudaginn.

Marblettirnir þegar þeir skipta litum úr gulu í grænt.

Eða afþurrkunarbært?

Ég gubba oft af vanillu – það fer eftir innihaldinu.

Staðurinn í því fyrsta færir minningarnar eftirá.

Brjóta servíettur.

Afdráttarlaus, banvæn uppgjöf kallast *ás*.

Vasar hennar.

Sársaukinn sem maður getur ekki talað um.

Ónotuð hreyfivirkni líkamans.

Það er gagnlegt.

Hvernig maður gerir við þessar aðstæður.

Hægar.

Sumarstöðuvötn án bryggja.

Það eru svo margar leiðir til að drepa manneskjur.

Til dæmis: Svona.

Brjóstu bara út úr húsinu.

Litli snigill á stígunum.

Eins og brostinn endaparmshringur.

Rennur gráturinn á milli okkar.

Það finnst enginn til að treysta á.

Stjörnur eru svo líkar.

Spænskukúrsinn kemur að góðum notum.

Myndlíking fyrir ástand heimsins.

Ég skil raunar ekki hvað þú ert að tala um.

*maple syrup urine disease*

Hilla með stoðum.

Nú man ég!

Það virðist sem eitthvað sé að einhvers staðar.

Straumar af millireikistjarnarykkornum.

Já, eða í eyrunum.

Svarið sjáir þið á svarta skjánum.

(fílabein)

Hver veit hversu mikils virði hann er í dag?

Á punktalínuna.



## Athugasemdir

Tilvitnunina, sem höfð er á arabísku fremst í bókinni, fann ég á netinu. Hofstadter er Bandaríkjamaður, og hefur væntanlega látið hafa þetta eftir sér á þeirri tungu. Á íslensku útleggst þetta: „Skoðun mín er sú að raunsönn þýðing á texta krefjist skilnings á honum, og skilningur á texta krefst þess að maður hafi lífað og hrærst í hinum raunverulega heimi, en er ekki bara spurning um að hantera orð.“ Ég tek fulla ábyrgð á þessari fundnu þýðingu tilvitnunarinnar, og mun fyrstur manna draga hana í land gefist ástæða til.

*Haganer* eftir Markku Paasonen er þýtt úr sænskri þýðingu Henriku Ringbom

Ljóð Paals Bjelke Andersen, *Noregur, Danmörk, Finnland* og *Ísland* eru tekin úr stærra verkefni þar sem unnið er með áramótaráður forsætisráðherra landanna. Svíþjóð vantar í hópinn sem stendur, því þar er engin forsætisráðherraráða á áramótum. Fyrstu þrjú ljóðin eru þýdd hefðbundið, en það fjórða, Ísland, er þýtt aðferðarfræðilega og verður svo þýtt aftur á norsku fyrir bók Paals Bjelke ásamt öðrum aðferðarþýðingum þess sem setur saman þessa bók.

*Heildarverkin* eftir bpNichol er samið á ritvél, en er lítillega aðlagð að tölvunútímanum.

*Spurningar og svör: Frelsandi heimilishvalveiðar* eftir Hauk Má Helgason er verk sem var upphaflega skrifað á ensku, þótt móðurmál Hauks sé vissulega íslenska.

*Ananke: Pantún* eftir Leevi Lehto var þýtt úr sænskri þýðingu Martins Enckell, með finnsku, ensku og dönsku þýðinguna til hliðsjónar.

*Helvíti* eftir Ritu Dahl var grófþýtt úr finnsku með orðabók og málfræðibók, en lagað að enskri útgaðu skáldsins.

*Listin sem daður og uppgjöf* eftir Jelaluddin Rumi var þýtt úr enskri þýðingu sem ég fann á netinu fyrir löngu síðan – því miður hef ég týnt upprunalega textanum og hef enga hugmynd hvað enski þýðandinn heitir.

*Fyrir lesanda sem stefnir að stúdentsprófi* eftir Hans Magnus Enzensberger var þýtt úr enskri þýðingu David Constantine.

Önnur ljóð voru þýdd úr upprunamálunum, sem í grunninn voru: enska, þýska, danska, norska og sænska, þó eitthvað slæddist með af öðrum málum.



## Efnisskrá:

Formáli: Þú ert pípa	5
Charles Bernstein	Þakka þér fyrir að þakka mér 17
Jon Paul Fiorentino	Sonnetta R2-D2 20
	Straff 21
	Leiðindafólk helst í hendur 22
Susana Gardner	úr <i>Pár</i> : ASTER ASTERIAS 23
Oscar Rossi	Fjögur ljóð úr <i>Bréf til lögreglunnar</i> 24
Kirby Olson	State of the union 28
	Un cercle s'amuse 29
Leevi Lehto	Ananke: Pantún 30
Sharon Mesmer	Ópolandi sykursýkistussa 34
Jan Hjort	Já gott kvöld 35
Jesse Ball	Göng inni í ofnum 36
Markku Paasonen	Haganes 37
Jack Kerouac	Sjór 38
	Amerískar hækur 59
Derek Beaulieu	Extispicium 61
Katie Degentesh	... Endurbyggjum Tvíburaturnana í New York ... á pizzunni þinni 63
Paul Dutton	Ekki til heldur fyrir 65
Nada Gordon	Gosbrunnur 67
Paal Bjelke Andersen	Noregur 69
	Danmörk 71
	Finnland 73
	Ísland 76
Gherardo Bortolotti	aðferðir á lágu plani (105-176) 78
Daniel Scott Tysdal	Cohen 82
Iain Bamforth	Ókerfisbundin líffærafræði 84
Michael Lentz	góður endir, spurning 86
Anne Waldman	Hvernig sestínan (geisp) virkar 89
Teemu Manninen	Barn er lítill sívalningur 91
Mike Topp	EF 92
	Guðdómleg ást 93
	Stella 94
	Kínverskar soðbökur 95

	Fokkaðu þér	96
	Standpína	97
	Ótitlað	98
	Hvernig maður skrifar hæku	99
	Ótitlað	100
	Fin-De-Siecle	101
Ida Börjel	Ástarsaga	102
	Saga sem á sér trix	106
Amiri Baraka	Í fúnkheimum	107
S. Baldrick	Byssukjaffar Þjóðverja	108
bp Nichol	hinn endi herbergisins	109
	Heildarverkin	110
	Gorg, spæjarasaga	111
Charles Bukowski	ógæfa á hótelinu á horni	112
	Vermont og 3. strætis	
Mairead Byrne	STOPP	114
Mark Truscott	Snjór	115
John Tranter	Hálfdrættlingur í Kensington	116
Sylvia Legris	úr <i>negatífi garðurinn</i>	117
Maya Angelou	Tíminn líður	118
Bruce Andrews	Ljóstu mig, elding!	119
Haukur Már Helgason	S&S: Frelsandí	126
	heimilishvalveiðar	
Craig Dworkin	úr <i>Beinagrind minnisins</i>	129
Shanna Compton	Undir þessari regnhlíf er	
	önnur regnhlíf	131
Lars Mikael Raattamaa	Ég er Gertrude Stein	132
Vito Acconci	LESTU ÞETTA ORÐ	133
K. Silem Mohammad	Djöfladrengur	134
	Myspace er krípi	135
Frank Bidart	Sekur um ryk	137
Rita Dahl	Helvíti	139
damian lopes	ósaga: ágríp	141
	requiem fyrir avant-gardið	142
Jelaluddin Rumi	Listin sem daður og uppgjöf	143
Rachel Levitsky	úr <i>Nágranni</i>	144
Tom Leonard	Fjögur konseptljóð	150

Hans Magnus Enzensberger	Fyrir lesanda sem stefnir að stúdentsprófi	151
Ian Hamilton Finlay	Fyrsta súprematíska standljóðið	152
Ulf Karl Olov Nilsson	ÁN TITILS	153
Caroline Bergvall	Meiri gæludýr	154
Christian Bök	úr <i>Kristallafræðinni</i>	158
e. e. cummings	Vísunda-Villi er	159
Saul Williams	úr , <i>sagði haglabyssan við hausinn</i>	160
a.rawlings	úr <i>Viður lúr fyrir fiðrildafræðinga</i>	162
Stephen Cain	/Eponymus	164
Jeff Derksen	Rykkur	165
Linh Dinh	Fjárfestingarráðgjöf	167
	Fátækur og vitlaus	168
Nico Vassilakis	ritgerðarkrukkan	169
Martin Glaz Serup	úr 4: <i>ljóð</i>	171
Malte Persson	úr <i>Apólloverkefnið</i>	173
Anna Hallberg	velferðarfulltrúarnir	178